Svínavatnshreppur 1897-19o7
Bréfabók hreppsnefndar
5.

# Brjefabók

hreppsnefndarinnar

í

Svínavatnshreppi,

byrjuð

13. apr. 1897.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 13. apr. 1897

Snemma í vetur skýrdi ódalsbóndi Magnús Steindórsson í Hnausum munnlega mjer og ~~[illegible]~~ ödrum hreppsnefndarmanni hjer í hreppi, Einari Bjarnasyni á Ásum, frá því, ad í seinni Sauðadalsgöngum sídastl. haust hafi ad eins 2 gangnamenn gengid vestanmegin fram dalinn, en 2 gangnamenn austanmegin, en allir hinir gangnamennirnir, 8 ad tölu, hafi farid í hóp fram Lágdalinn; hafi menn frá Hnausum, sem staddir voru í Hnausaseli gangnadaginn, horft á þetta og ad eptir seinni Sauðadalsgöngur hafi í haust og framan af vetrinum komid fyrir um 80 kindur úr ýmsum áttum, en margt fje hefur getad endid þar úti í vetur. Hafa því seinni Sauðadalsgöngur í haust verid farid í mesta ólestri, og virdist enginn vafi á, ad það sje ad kenna gangnastjóranum, sem var Gestur á Beinakeldu, sjerstaklega stjórnleysi hans. Það virdist því heldur ekki neinn vafi á því, ad hann hefur verid med öllu óhæfur til þess ad vera gangnastjóri.

Eptir 9. gr. fjallskilareglugjördarinnar skal

hreppsnefnd skipa „duglegan gangnastjóra“. Hefur þessi grein því verið brotin í því tilfelli, sem hjer ræðir um. Eptir 10. gr. sömu reglugjörðar er svo, að sendi óduglegan mann til göngu, „skyldur að borga það, eins og hann hefði engan mann látið, eptir því, sem það verða metur af hreppsnefndinni; þar að auk varðar það sektum.“ Sem von er, er það því talið stórkostlegt brot að senda óduglegan mann í göngur, því að af því getur hlotist mikið tjón, en þó er hitt enn skaðlegra og því miklu meira brot að senda ónýtan gangnastjóra.

Með brjefi 5. jan. þ. á. skipaði jeg hreppsnefnd Torfalækjarhrepps frá þessu og fór fram á, til þess að þetta gæti jafnast með samkomulagi milli hennar og hreppsnefndar Svínavatnshrepps, að sömu Sandadalsgöngur yrðu að fullu borgaðar fyrir gangnastjórann með 9 kr. og auk þess sem væri einhver sekt, sem varla gæti verið minni en 10 kr., en eptir brjefi frá oddvitanum í Torfalækjarhreppi 10. f. m. er einskis samkomulags að vænta frá hreppsnefndinni þar.



Með því að slíkri vanrækslu og hirðuleysi, sem virðist hafa átt sjer stað hjá gangnaforingjanum í nefndum göngum, er ekki sleppandi afskiptalaust og með því að ekki er neins samkomulags um þetta að vænta milli hlutaðeigandi hreppsnefnda, neyðist jeg til að snúa mjer til yðar, herra sýslumaður, og fara þess á leit, að þjer takið þetta mál fyrir til rannsóknar og meðferðar sem almennt lögreglumál, eins og fjallskilareglugjörðin ákveður, og leiða það til lykta á þann hátt, er lög standa til.

Jeg sendi yður hjer með 2 vottorð, dags. 6. þ. m., frá Þóri Bjarnarsyni og Sveini Benjamínssyni í Hnausum, sem sáu til gangnamanna í sömu Sandadalsgöngum síðastl. haust, og bera vottorð þessi hið sama, sem skýrt er frá hjer að framan.

Jeg skal enn fremur geta þess, að í sömu Sandadalsgöngum síðastl. haust fóru þessir 6 menn úr Svínavatnshreppi: Karl Jónsson á Gunnfríðarstöðum, Þorsteinn Jónsson Strúm, Magnús Sigurðsson Ytrilöngumýri, Guðmundur Guðmundsson Holti, Jósep Jóhannsson Litlabúrfelli og Valdimar Stefánsson

Tindum, sem allir geta sjálfsagt borið um, hvernig göngurnar fara fram. Úr Tunguhreppi fara og 6 menn í göngurnar, og var gangnastjóri einn af þeim, en hreppsnefndin þar getur gefið upplýsing um, hverjir hinir voru

Brjef til sjera Stefáns M. Jónssonar Auðkúlu 24. apr. 1897

Jeg hef meðtekið brjef yðar frá 21. þ. m. um sveitarómagann Jóhönnu Guðmundsdóttur í Hafli. Jeg og hinir hreppsnefndarmennirnir erum, að því er jeg frekast veit, á þeirri skoðun, að æskilegast væri, að Jóhanna þessi gæti orðið fermd í vor, og væri jeg fús til að koma henni fyrir til kennslu til fermingartímans, ef unnt væri, mót borgun af sveitarsjóði. En nú veit jeg engan stað, þar sem hægt væri að koma henni þannig fyrir, nema ef vera skyldi hjá yður. – Jeg leyfi mjer því hjermeð að fara þess á leit við yður, að þjer takið hana til kennslu til fermingartíma gegn sanngjarnri borgun af sveitarsjóði. – Jeg vona, að þjer verðið við þessum tilmælum, þar sem ekki er um aðra staði að ræða handa henni og yður á hinn bóginn er skylt eptir lögum 9. jan. 1880 um uppfræðing barna í



skript og reikningi, ekki síður en hreppsnefndinni, að sjá henni fyrir kennslustað.

Jeg vil að endingu biðja yður um svar þessu viðvíkjandi sem allrafyrst.

Brjef til oddvitans í Áshreppi 1. maí 1897.

Með brjefi 12. maí f. á. kröfðust þjer borgunar af sveitarsjóði Svínavatnshrepps á eptirleitarkostnaði við lamb frá Svínavatni, að upphæð Kr. 2.38

og með brjefi 18. febr. síðastl. kröfðust þjer borgunar á því, er sveitarsjóði sama hrepps ber að borga af kr. 37.90, er grenjavinnslukostnaður í Dalskvíslum nam síðastl. vor, og er sú upphæð — 17.51

Loks hafið þjer með brjefi 27. febr. síðastl. krafist borgunar af sama sveitarsjóði á 1/4 hluta af kostnaði við sendingu manns í haust í Fljótstunguna og Þverárrjettina, eða — 8.00

Samtals Kr. 27.89

Vorið 1895 var grenjavinnslukostnaðurinn í Dalskvíslum Kr 44.60; þar af borgaði sveitarsjóður Svínavatnshrepps Kr. 22.30

en þar sem hann borgaði kr. 554.27 af kaupverði Dalskvísla, að upphæð 1200 kr., bar honum aðeins að borga — 20.60

og hefur því ofborgað . . . . . . — 1.70 Kr. 27.89

Flutt kr. 27.89

Frá áðurgreindum kr. 27.89 leyfi jeg mjer
að draga þessa upphæð, sem áfallin var f. á. — 1.70

Verða þá eptir kr. 26.19,

sem hafa 30. f. m. verið skrifaðar úr reikningi
sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi við verzlun J. G.
Möllers á Blönduósi inn í reikning sveitarsjóðsins
í Áshreppi við tjeða verzlun og leyfi jeg mjer að biðja
yður að senda mjer með fyrstu ferð kvittun fyrir
nefndum kr. 27.89 og sundurliða hana þannig, að greini-
lega sjáist fyrir hvað þessi upphæð er borguð.

Jafnframt leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að
þjer, eins og að undanförnu, sjáið um að senda
næstkomandi haust mann til að hirða fje hjeðan
í Fljótstungu- og Þverárrjettum, og tekur sveitar-
sjóður Svínavatnshrepps þátt í þeim kostnaði
að fjórða hluta.

Umburðarbrjef um hreppinn, dags. 8. maí, (í þessu lagi)

Sýslumaðurinn hjer í sýslu hefur, eptir fyrir-
mælum amtsins, lagt fyrir hreppsnefndina hjer
í hreppi að safna nákvæmri lýsing á eldri og yngri
grenjum í hreppnum og færa þessa lýsing inn í
refaveiðabók hreppsins og senda sjer skýrslu um



grenjaleitir og grenjavinnslu í hreppnum, nöfn, afstöðu
og tölu grenjanna og fleira þar aðlútandi. Er
því hjer með skorað á hvern búanda hreppsins
að senda mjer fyrir næsta hreppsskil nákvæma
lýsing á eldri og yngri grenjum, sem til eru
í landi ábúðarjarðar hans, og geta í lýsingunni
meðal annars um nöfn þeirra, hvar þau sjeu
í landi jarðarinnar og hvort tóa hafi lagt í þau
undanfarin ár eða ekki. Ábúendum þeirra jarða,
þar sem engin gren eru, ber að láta mig vita
það fyrir áðurnefndan tíma.

Jafnframt er hjer með brýnt fyrir ábú-
endum þeirra jarða, þar sem gren eru, að
gæta vandlega að því í vor, hvort tóur leggja
í gren þessi, og verði þess vart, þá að láta mig taf-
arlaust vita það.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnss. 10. maí (ágrip)

Sýslumanni tilkynnt, að hreppsnefndin hafi veitt úr
sveitarsjóði þær 25 kr. til Laxárbrúarinnar, sem
hann með brjefi 22. mars síðastl. hefði farið fram
á að veittar yrðu af sveitarsjóði og ávísun á J. G.
Möller upp á þessar 25 kr. sendar með brjefinu

Brjef til Þorsteins bónda Þorsteinssonar á Grund 30. sept. 97 (Afrit). Honum tilkynnt, að hreppsnefndin hafi kosið hann í nefnd til að sjá um lækning hunda af bandormum í stað Sölfa heitins á Gafli og honum um leið sent 1 eint. af Reglugjörð um lækning hunda af bandormum.

Brjef til oddvitans í Torfalækjarhreppi 27. okt. 1897

Eptir ráðstöfun hreppsnefndarinnar hjer í hreppi fóru 4 menn í eptirleit á heiðina, og ákvað hreppsnefndin að borga skyldi ~~helming verðs~~ af hlutaðeigandi sveitarsjóði helming verðs þess fjár, sem fyndist. Í leitinni fundu þeir 1 á og 1 lamb frá Hnjúkum, og ljet jeg ána og lambið fylgja hjermeð. Af þar tilkvöddum mönnum voru þau bæði virt á 10 kr., og leyfi jeg mjer því að fara þess á leit, að mjer borgist sem fyrst af sveitarsjóði Torfalækjarhrepps 5 kr. til sveitarsjóðs Svínavatnshrepps. Í leitinni fannst enn fremur 1 hestryppi, dökkgrátt, veturgamalt með marki Páls á Akri og vil jeg biðja yður að láta hann vita, að það sje í vöktun hjá hreppstjóranum í Svínavatnshreppi gegn 15 a. gjaldi fyrir sólarhring hvern og að



hreppsnefndin hjer hafi ákveðið að borga skyldi 1/3 virðingarverðs þess í eptirleitarkostnað, en það hefur verið virt á 21 kr., svo að það eru 7 kr., sem hann þarf að borga fyrir það. Verða þessar 7 kr. og vöktunarlaun að borgast, um leið og það verður sótt eða trygging að gefast fyrir borguninni; að öðrum kosti verður því ekki sleppt. En tryppið ætti að sækja tafarlaust.

Brjef til oddvitans í Vindhælishreppi 30. okt. 1897

Með brjefi 25. okt. f. á. ljet jeg yður vita, að jeg viðurkenndi ekki, að Ingibjörg Jóhannsdóttir, þá til heimilis í Háagerði, væri sveitlæg í Svínavatnshreppi, með því að hún væri eigi fædd á Litlabúrfelli í sama hreppi, eins og þjer sögðuð í brjefi 16. sept. f. á., að hún hefði skipt frá.

Með brjefi 20. ág. síðastl. skrifið þjer mjer enn um þessa Ingibjörgu og segið nú, að hún sje fædd á Stórabúrfelli í Svínavatnshreppi samkvæmt kirkjubók Auðkúluprestakalls, og hljóti því að vera þar sveitlæg, með því ~~að~~ hún hafi hvergi unnið sjer sveit.

Þótt einhver Ingibjörg Jóhannsdóttir

ekki fædd á Stórabúrfelli á þeim tíma, sem þjer segið í brjefi yðar frá 20. ág. síðastl., þá er allsendis óvíst, að það sje sama Ingibjörg, sem hjer ræðir um, en þótt svo væri, þá getur vel verið, að hún hafi einhverstaðar unnið sjer framfærslusveit, því að framburður hennar um verustaði sína getur varla skoðast áreiðanlegur. Maður leiðist ósjálfrátt til þeirrar skoðunar, þegar þess er gætt, að hún eptir brjefi yðar frá 16. sept. f. á. átti að vera fædd á Litlabúrfelli, en eptir brjefi yðar frá 20. ág. síðastl. á hún að vera fædd á Stórabúrfelli. Þetta mál þarf því að rannsaka, til þess að vissa fáist um, hvar hún eigi framfærslusveit. Jeg get því engan veginn viðurkennt umrædda Ingibjörgu sveitlæga í Svínavatnshreppi.

Brjef til oddvita sýslunefndarinnar innan Húnavatnss. 10. nóv. 1897 (ágrip)

Með brjefi þessu var sendur: reikningur yfir tekjur og gjöld sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi fardagaárið 1896–97, reikningur yfir tekjur og gjöld vegasjóðsins í Svínavatnshreppi árið 1896 og árið 1897



Brjef til oddvita sýslunefndar innan Húnav.s. 10. nóv. 1897 (ágrip)

Með brjefi þessu var skýrt frá, að styrktarsjóðurinn handa alþýðufólki í Svínavatnshreppi hafi 31. des. 1896 átt kr. 280.09, sem komnar sjeu í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

Brjef til oddvitans í Torfalækjarhreppi 24. nóv. 1897

Jafnskjótt sem jeg fjekk brjef yðar frá 10. mars síðastl., skrifaði jeg Jóni bónda Hróbjartssyni á Gunnfríðarstöðum, sem sent hafði Karl son sinn í seinni Sandadalsgöngur í fyrra haust, og Svínavatnsbændunum, er í sameiningu höfðu sent í sömu göngur Guðmund Guðmundsson póla, að þjer hefðuð í nefndu brjefi yðar tjáð mjer, að gangnaforingjarnir í þessum göngum hefðu kvartað yfir, að þessir gangnamenn hefðu verið óhæfir, og fór jafnframt fram á, að þeir borguðu göngurnar að helmingi. En þeir hafa allt af dregið að svara mjer, svo að jeg af þeirri ástæðu hef ekki getað svarað fyr en nú nefndu brjefi yðar. Þeir hafa að eins munnlega skýrt mjer frá, að þeir hafi leitað upplýsinga um þetta, að gangnaforingjarnir í þessum göngum hafi ekkert haft út á nefnda gangnamenn að setja, og meina að segja,

að hann hafi borið það fram, að hann hafi alls ekki kvartað yfir þeim. Annaðhvort hljóta að vera ósannindi: þessi ummæli þeirra eða sögusögn yðar um þetta í tjeðu brjefi. En þar sem þessu er þannig varið, get jeg ekki átt meira við þetta atriði, og verðið þjer að halda því lengra, ef yður sýnist.

Að því er snertir önnur atriði í brjefi yðar frá 10. mars þ.á., skal jeg fara nokkrum orðum um þau.

Það sem Guðmundur á Hnjúkum hefur fallist á að borga skaðabætur fyrir göngurnar í fyrra haust kr. 12.00

og það sem, samkvæmt brjefi mínu til yðar 5. jan. þ.á., átti að borgast hjeðan úr hreppi fyrir fyrri Sauðadalsgöngur í fyrra haust — 9.00

þá skiptast þessar kr 21.00

þannig, að Svínavatnshreppi beri 2/3, eða 14 kr., en Torfalækjarhreppi 1/3 eða 7 kr. — Það eru því 5 kr., sem sveitarsjóður Torfalækjarhrepps á eptir að borga til sveitarsjóðs Svínavatnshrepps, og óska jeg, að þessar 5 kr. komi upp í niðurskipti hreppanna.



Að því er snertir misfellur þær á gangnastjórn í seinni Sauðadalsgöngunum í fyrra haust, sem jeg talaði um í brjefi mínu til yðar 5. jan. þ.á., þá kærði jeg það mál fyrir sýslumanni skömmu eptir að jeg fjekk brjef yðar 10. mars þ.á.

En að því er snertir þau ummæli yðar í nefndu brjefi, að gangnamenn hafi í fyrri göngunum á Auðkúluheiði í fyrra haust „verið látnir ganga heimaland jarðanna Stóradals, Litladals og Auðkúlu; allt frá Hellivörðukvísl og út að seljum“ þá er það eitt hæft í þessu, að hreppsnefndin hjer fyrirskipar á hverju hausti, eptir gamalli venju, að göngum skuli haldið út á Tögl í Auðkúlulandi og hefur göngunum sjálfsagt verið hagað samkvæmt því, en Töglin eru miklu framar en selin. Þessari fyrirskipun mun hreppsnefndin halda framvegis. En Stóradalsland hefur eigi verið gengið af heiðargangnamönnum, en Litladalsland ~~sem~~ nær eigi miðjan veg frá Litladal fram í selin, með öðrum orðum: syðsti hluti þess er langt fyrir utan selin. Það ætti því

14

að vera hverjum manni skiljanlegt, að ómögu-
legt er að ganga Litladalsland „út að seljum",
enda þótt þjer segið í nefndu brjefi yðar,
að það hafi verið gert í fyrra klaust og það
sje „sannleikanum samkvæmt og auðgefið að
sanna á löglegan hátt". Þjer segið enn frem-
ur, að það sje „ópolandi . . og enda fyllsta
ástæða til, að uppreksturfjelaginu sje bætt
þetta" og viljið, að jeg ~~...~~ „gangi eftir þeim
bótum". En jeg tek ekki að mjer þannig
vaxnar kröfur, og veit jeg, að yður virðist
það ekki ætlandi, eftir því sem þegar
er tekið fram.

Brjef til sýslumannsins í Húnav.sýslu 25. nóv. 1897

Með brjefi, dags. 25. mars síðastl. fór jeg þess
á leit við þáverandi sýslumann Húnavatnssýslu,
að hann hlutaðist til um, að fólga sú, sem
Sigurbirni nokkrum Guðmundssyni er með
amtsúrskurði 16. mars 1895 gert að skyldu að
greiða með óskilgetnu barni sínu Helgu Guð-
björgu, yrði tafarlaust borguð af framfærslu-
sveit hans Ljósavatnshreppi fyrir síðasta ár.
Af ársfólgunni, að upphæð 30 kr. fjellu 15 kr. í

15

gjalddag 14. maí f.á. og 15 kr. 14. nóv. f.á.
Þessar 30 kr. eru enn óborgaðar. Síðan hafa af
tjeðri fólgu fallið í gjalddaga 15 kr. 14. maí
síðastl. og 15 kr. 14. þ. m., sem einnig eru
óborgaðar.

Með skírskotun til tjeðs brjefs míns
frá 25. mars síðastl., leyfi jeg mjer að fara
þess á leit, að þjer hlutist til um, að þær 30 kr.,
sem jeg krafðist í nýnefndu brjefi, svo og aðrar
30 kr. fyrir þetta ár, samtals 60 kr., sem
fallnar eru í gjalddaga af tjeðri barns-
fólgu, verði tafarlaust borgaðar af fram-
færslusveit Sigurbjörns til Sveitarsjóðs-
ins í Svínavatnshreppi.

Útbyggingarbrjef af jörðinni Meyjarlandi
25. nóv. 1897.

Samkvæmt ályktun hreppsnefndar-
innar í Svínavatnshreppi á fundi 5. þ. m.
byggist hjer með ábúandanum á Meyjarlandi
Gunnari Jónssyni út af tjeðri jörð Meyjar-
landi frá næstu fardögum, af því að hann
hefur án leyfis tjeðrar hreppsnefndar byggt
öðrum manni part af jörðinni og hefur

samkvæmt byggingarbrjefi sem ekki ábúandi rjett á jörðunni, nema til eins árs í senn.

Brjef til stefnuvottanna í Sauðárkrókssókn 25. nóv. 1897

Hjer með leyfi jeg mjer að senda ykkur útbyggingarbrjef af jörðinni Meyjarlandi, sem jeg bið ykkur að birta tafarlaust fyrir ábúandanum þar, Gunnari Jónssyni og senda mjer með brjefberanum aptur útbyggingarbrjefið, er þið hafið birt það, með áritaðri birtingarvottorði ykkar, nöfnum ykkar og innsiglum. Hjer með fylgir 1 kr. fyrir birtinguna.

Brjef til oddvitans í Torfalækjarhreppi 29. nóv. 1897.

Jeg hef meðtekið brjef yðar, dags 24. þ. m. um á og lamb frá Hnjúkum, sem fannst í eptirleit hjeðan úr hreppi í haust. — Það mun vera rjett, að ærin og lambið hafi fundist fyrst af Bugnum, en síðan slapp hún og lambið aptur fram á heiði og fannst í eptirleitinni hjeðan úr hreppi í haust. Fjallskilareglugjörðin gerir engan mun á heimanaðsloppnu fje og öðru fje, sem



í eptirleit finnst, og heimilar að taka allt að helmingi virðingarverðs alls eptirleitarfjár, enda er jafnnauðsynlegt að ná af heiðinni heimanaðsloppnu fje, sem öðru fje; svo að mjer getur ekki virst ósanngjarnt að taka helming verðs af ofannefndri á og lambi, og endurnýja því kröfu mína í brjefi mínu til yðar, dags. 27. f. m.

Brjef til oddvitans í Torfalækjarhreppi 29. nóv. 1897.

Um leið og jeg kannast við að hafa fengið brjef yðar frá 24. þ. m. um óskilafjárverð í Torfalækjarhreppi haustið 1895, læt jeg yður vita, að til mín er komið verð óskilafjár, sem selt var hjer í hreppi haustið 1895 og eigi gekk út, að upphæð kr. 31.20
og verð ómerkinga, seldra hjer í hreppi haustið 1896, að upphæð — 35.60
Samtals kr. 66.80

Af þessari upphæð ber Torfalækjarhrepps sveitarsjóði 1/3 eða kr. 22.26, sem jeg mun sjá um að verði borgaður áður en langt um líður.

Brjef til oddvitans í Torfalækjarhreppi 29. nóv. 1897

Samkvæmt brjefi yðar frá 24. þ. m. hefur refaveiðakostnaður Torfalækjarhrepps fardagaárin 1895–96 og 1896–97 numið kr. 165.57
en refaveiðakostnaður Svínavatnshrepps hefur samkvæmt sveitarsjóðsreikningunum numið:

| | | |
|---|---|---|
| fardagaárið 1895–96 | — | 97.85 |
| — " — 1896–97 | — | 141.31 |
| Af þessum | kr. | 404.73 |
| hefur sveitarsjóður Torfalækjarhrepps borgað | kr. | 165.57 |
| en átti að borga 1/3 eða | — | 134.91 |
| Til sveitarsjóðs Torfal.hr. á því sveitarsj. Svínav.hr. að borga | kr. | 30.66 |
| og áskilafjárverð samkvæmt brjefi mínu til yðar, dags. í dag | — | 22.26 |
| Samtals | kr. | 52.92 |

Til borgunar á þessari upphæð ávísast hjer með:

1. gangnakostnaði, sem Torfalækjarhreppur á að borga samkvæmt brjefi mínu frá 24. þ.m. kr. 5.00
2. eptirleitarkostnaði frá Torfalækjarhreppi samkvæmt brjefi mínu dags. í dag — 5.00

Flyt kr. 10.00



Fluttar kr. 10.00

3. Hjer með mælist jeg til, að þjer takið hjá Páli á Akri 7 kr. og Jónasi sama staðar 7 kr., sem er eptirleitarkostnaður við tryppi, sem fundust í eptirleit hjeðan úr hreppi í haust og sem þeir áttu — 14.00
4. Jeg hef í dag lagt fyrir fjehirði sveitarsjóðsins hjer, Pálma Jónssyni á Ytrilöngumýri, að borga það, sem þá stendur eptir — 28.92

kr. 52.92

Að því búnu er þá reikningsviðskiptum hreppanna í þetta sinn þarmeð lokið.
Vil jeg svo biðja yður á sínum tíma að senda mjer sundurliðaða kvittun fyrir þessum kr. 52.92.

Brjef til oddvitans í Bólstaðarhlíðarhreppi 2. des. 1897.

Eptir tilhlutun hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi var farið í haust í eptirleit á Auðkúluheiði og fundust í henni meðal annara kinda 9 ær og 1 dilkhrútur, sem Jón bóndi Sigurðsson á Brún átti. Hreppsnefndin ákvað að taka 1/4 — einn fjórða — hluta af virðingarverði kinda þessara

upp í eptirleitarkostnaðinn, en annar vara vintar
á 6 kr. hver og lambhrútarinn 4 kr., samtals 58 kr.
Fjórði hluti þar af er þá kr. 14.50, sem sveitarsjóði
Bólstaðarhlíðarhrepps ber að borga samkvæmt 29. gr.
fjallskilareglugjörðarinnar. En til tjeðs sveitar-
sjóðs ber aptur á móti sveitarsjóði Svínavatns-
hrepps að borga 30 kr., sem í gjalddaga fjellu, að
mig minnir, 7. jan. þ.á. af fúlgu Gísla Gíslasonar
með Sigurjóni barni sínu, sem er undir ráð-
stöfun hreppsnefndar Bólstaðarhlíðarhrepps.
Upp í þessar 30 kr. vísa jeg yður hjer með á
ofannefndar kr. 14.50
og hjá Davíði Stefánssyni í Mjóadal ytri-
stöðvar af ánleigum, sem hann á að borga
búnaðarfjelaginu í Svínavatnshreppi — 8.75
en gjaldkeri sveitarsjóðsins, Pálmi Jónsson
á Ytrilöngumýri, mun borga yður — 6.75
Samanlagt kr. 30.00
en húsbóndi Gísla Gíslasonar, Frímann Björnsson
í Hvammi borgar barnsfúlguna, sem í gjalddaga
fjell 7. ág. þ.á. og sem í gjalddaga fellur 7. jan.
næsta ár, því að bæði er Frímann skyldur
til þess, þar eð úrskurðurinn um barnsfúlguna
er honum birtur sem húsbónda Gísla, og svo hef



~~hef~~ jeg átt tal við hann um þetta, og fjellst hann
þá á að borga fúlguna beint til sveitarsjóðsins í Ból-
staðarhlíðarhreppi.

Brjef til sjera Stefáns M. Jóns-
sonar á Auðkúlu 3. des. 1897.

Með brjefi, dags. 7. sept. þ.á. farið þjer þess á
leit við hreppsnefndina, að hún láti yður nú í
haust og framvegis njóta þeirra hlunninda að vera
að mestu gangnafrí, eins og þjer hafið verið.

Að því er snertir göngur yðar í haust og um-
mæli yðar um þau í tjeðu brjefi yðar, þá er eigi
ástæða til að skipta sjer af því atriði hjeðan af, en
hitt, hvort hún átti að veita yður sömu undan-
þágu frá gangnaskilum framvegis, sem þjer hafið
haft, hefur nefndin rætt á fundi og komist að
þeirri niðurstöðu, að hún hefði ekki heimild til að
veita undanþágu frá ~~gangna~~ skyldukvöðum, sem
henni ber að jafna niður á hreppsbúa, og þá
heldur ekki veita yður undanþágu frá gangnaskyldu
þeirri, sem á yður hvílir, nema því að eins, að
meiri hluti gangnaskyldra hreppsbúa hafi sam-
þykkt það, og mætti bera þetta undir þá, t.d. á
næstu vorhreppaskilum. Meðan slíkt samþykki er
ekki fengið, getur hreppsnefndin ekki orðið við afan-

nefndum tilmælum yðar.

Brjef til sýslumannsins í Húnav.s. 4. des. 1897

(Ágrip) Með brjefi þessu var sýslumanni send skýrsla um grenjaleitir og grenjavinnslu í Svínavatnshreppi 1897 og jafnframt skýrt frá, að innfærð væri í refaveiðabók hreppsins nákvæm lýsing á eldri og yngri grenjum í honum.

Brjef til sýslumannsins í Húnav.sýslu 4. des. 1897

Með brjefi frá 16. f. m. senduð þjer mjer amtsúrskurð, dags. 22. júlí síðastl., sem ákveður, að járnsmiður Eyjólfur Illugason í Hafnarfirði skuli greiða 40 kr. árlega með föður sínum Illuga Ásmundarsyni, sem framfærist af fátækrafje Svínavatnshrepps.

Með því að Eyjólfur þessi hefur enn eigi greitt af fúlgu þessari þær 20 kr., sem fjellu í gjalddaga 1. júlí þ. á. og greiðir að líkindum eigi sjálfviljugur þær 20 kr., sem í gjalddaga falla 1. jan. næsta ár, leyfi jeg mjer hjermeð að fara þess á leit, að þjer hlutist til um, að öll meðgjöfin, að upphæð 40 kr. verði tekin lögtaki hjá tjeðum Eyjólfi þegar eptir 1. jan. næsta ár og send mjer svo fljótt sem verða má.



Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 29. des. 1897.

Með brjefi 18. þ. m. ljetuð þjer hreppsnefndina vita, að skipta ætti 28. þ. m. dánarbúi Sigurðar heitins Hjartarsonar frá Hnausum, en með því að hreppsnefndin gat ekki komið því við að láta mæta við tjeð skipti, leyfi jeg mjer að fara þess á leit við yður, að þjer látið mig vita úrslit skiptanna að því er snertir kröfu nefndarinnar um fúlgu úr búinu með óskilgetnu barni Sigurðar heitins Hjartarsonar.

Með tjeðu brjefi yðar skorið þjer á hreppsnefndina að láta yður vita, hvort hún gjöri kröfu í bú Jóseps Jósepssonar frá Hamri fyrir fúlgu með óskilgetnum börnum hans og ráðskonu hans Guðbjargar.

Jósep heitinn ljet eptir sig 4 óskilgetin börn: Ingibjörgu, fædda 31. des. 1882, Salóme, fædda 5. sept. 1887, Sigríði, fædda 5. júlí 1889 og Ingiríði fædda 3. sept. 1895 (sbr. meðfylgjandi vottorð frá prestinum á Auðkúlu) og getur móðirin tjeð Guðbjörg, sem hjer er sveitlæg, eigi annast þau, svo að leggja verður með þeim meira eða minna af sveitarsjóði. — Jeg leyfi mjer því að krefjast þess, að við skipti á dánarbúi Jóseps Jósepssonar

frá Hamri verði úthlutað fúlgu að hans parti
með tjeðum börnum hans til 16. ára aldurs
Jeg skal geta þess, að hreppsnefndarmaður
Jónas B. Bjarnason á Ásum mætir fyrir hrepps-
nefndina við skipti á búi Jóseps Jósepssonar
frá Hamri.

Brjef til oddvitans í Bólstaðarhlíðarhreppi 11. jan. 1898.

Gunnar Þorleifsson á Tindum, sem sveitlæg-
ur er í Bólstaðarhlíðarhreppi, hefur beðist
láns af sveitarsjóði hjer til viðurværis sjer, konu
sinni og 2 börnum gegn endurgjaldi af fram-
færslusveit hans, ~~Það mun enginn efi á, að~~
af því að hann fái litla eða alls ónóga hjálp hjá
henni. — Það mun enginn efi á, að hann þarf
hjálpar við í þessu skini. En af því fram-
færslusveit hans er svo nálæg, vil jeg ekki veita
lán þetta, fyr en jeg veit, að hann fær ekki þann
styrk, sem hann þarf, hjá framfærslusveit sinni.
Fái hann ekki þann styrk, neyðist hreppsnefndin
hjer til að veita honum hið umbeðna lán, og
mun hún þá svo fljótt sem því verður við
komið, fá hann fluttan með konu og börnum fá-
tækraflutningi á framfærslusveit sína, ef hrepps-
nefndin þar ráðstafar þeim ekki á annan hátt.



Brjef til oddvitans í Vindhælishreppi 1. febr. 1898.

Með brjefi, dags. 24. nóv. f.á., krefjist þjer, að
af sveitarsjóði Svínavatnshrepps verði borguð
fúlga Jóns Hróbjartssonar, bónda á Gunnfríðar-
stöðum með dóttur hans Manilíu, að upphæð
36 kr., sem í gjalddaga fjellu 14. febr. og 14. ág. f.á.
Eptir að jeg fjekk tjeð brjef yðar, hef
jeg átt tal við Jón Hróbjartsson um þetta og
skorað á hann að borga þessa barnsfúlgu; hefur
hann tjáð mjer, að hann hafi boðist til að taka
að öllu leyti til forsorgunar tjeða dóttur sína
og jafnframt farið þess á leit við hreppsnefnd
Vindhælishrepps, að hún gefi sjer eptir þessar
36 kr. — Þar sem öll sanngirni mælir með
því, að hann fái þessa upphæð eptirgefna, þar
eð Vindhælishreppur losast að öllu við fram-
færslu barns þessa, eptir að Jón hefur tekið það,
vænti jeg eptir, að nefndin verði við þess-
um tilmælum hans. — Jeg geri því að svo stöddu
enga ráðstöfun til, að nefnd upphæð verði
borguð af sveitarsjóði Svínavatnshrepps.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 2. maí 1898

(Ágrip) Með brjefi þessu var sýslumanni send

kjörskrá yfir þá menn í hreppnum, sem hafa kosningarrjett til alþingis, gildandi frá 1. júlí 1898 til 30. júní 1899

Brjef til oddvita sýslunefndarinnar 2. maí 1898

Hjermeð leyfi jeg mjer að skýra yður frá, að hreppsnefndin hefir á fundi í gær veitt af sveitarsjóði þær 25 kr. til brúarinnar á Ytri Laxá, er þjer, fyrir hönd sýslunefndarinnar, fóruð, með brjefi frá 1. þ. m., fram á, að veittar yrðu af sveitarsjóði Svínavatnshrepps til tjeðrar brúar, þó því að eins, að þessa upphæð megi borga inn í reikningi sveitarsjóðsins við verslun J. G. Möllers á Blönduósi í öðru en peningum, og leyfi jeg mjer hjermeð að senda yður ávísun á hann fyrir þessari upphæð.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 16. maí 1898

Með brjefi frá 25. nóv. f. á. fór jeg þess á leit við yður, að þjer hlutuðust til um, að borguð yrði áfallin fúlga Sigurbjörns Guðmundssonar með óskilgetnu barni hans Helgu Guðbjörgu, sem er hjer í sveit. Af fúlgu þessari eru enn óborgaðar upphæðir þær, sem í gjalddaga fjellu 14. maí og



14. nóv. f. á., að upphæð samtals 30 kr., svo og 15 kr., sem fjellu í gjalddaga 14. þ. m.

Með skírskotun til tjeðs brjefs míns frá 25. nóv. f. á. leyfi jeg mjer hjermeð að fara þess á leit við yður, að þjer hlutist til um, að þær samtals 45 kr., sem fallnar eru í gjalddaga og óborgaðar eru af nefndri barnsfúlgu verði tafarlaust greiddar af framfærslusveit Sigurbjörns Guðmundssonar, Ljósavatnshreppi, til sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi.

Brjef til hreppstjórans í Sauðárhreppi 6. júní 1898.

Með því að í vor verða ábúendaskipti á Meyjarlandi, eignarjörð sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi, er nauðsynlegt, að úttekt fram fari á jörðinni. Jeg leyfi mjer því að fara þess á leit, að þjer ásamt hinum úttektarmanni Sauðárhrepps takið út tjeða jörð mánudaginn hinn 13. þ. m. Svo bið jeg yður og, að tilkynna fráfaranda jarðarinnar, Gunnari Jónssyni og viðtakanda hennar Sigurfinni Bjarnasyni úttektina með nægum fyrirvara, til þess að þeir geti verið við úttektina. — Í því trausti, að ekkert verði því til fyrirstöðu, að úttektin

geti farið fram 13. þ. m., mun einhver úr hreppsnefnd Svínavatnshrepps mæta þann dag á Meyjarlandi.

Brjef. til sýslumannsins í Húnav.s. 11. júlí 1898
Með brjefi frá 10. f. m. hafið þjer sent mjer brjef amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu frá 4. maí þ.á. ásamt brjefi til hans frá Eyjólfi Illugasyni í Hafnarfirði, dags. 27. apr. þ. á. með 1 fylgiskjali, þar sem hann fer þess á leit, að amtmaðurinn færi niður meðlag það, sem hann með úrskurði 22. júlí f. á. ákvað að tjeður Eyjólfur skyldi greiða með föður sínum Illuga Ásmundarsyni, sem framfærist af fátækrafje Svínavatnshrepps.
Jeg hef borið þetta mál undir hreppsnefndina Svínavatnshrepps. Var það samhuga álit hennar að veita ekki samþykki sitt til nokkurrar niðurfærslu á tjeðu meðlagi. Nefndin er sannfærð um, að ástæður Eyjólfs Illugasonar sjeu svo góðar, að hann geti vel borgað meðlag þetta, enda eigi látið sjer af efnahag hans í vottorði því frá hreppsnefnd Garðahrepps, sem fylgir umsókn hans, en svo, að hann „ í



flestum árum muni eiga erfitt með að inna af hendi hina úrskurðuðu meðlagsupphæð. Þótt hann yrði að taka lítið eitt nærri sjer til stundum til að greiða fúlgu þessa, þá virðist það eigi ósanngjarnt, ekki síst þegar þess er gætt, að hann hefur aldrei fengist til að greiða neitt góðfúslega með föður sínum.
Í brjefi 31. mars f.á. til þáverandi sýslumanns Húnavatnssýslu skýrði jeg frá ástæðum barna Illuga Ásmundarsonar. Þá lágu 2 þeirra (Sveinn og Þuríður) rúmföst og gátu ekkert borgað með honum og geta ekki enn. En 3 dætur hans, sem allar eru efnalitlar vinnukonur, borguðu með honum 5-10 kr. hver á ári. Ein þeirra (Ingiríður) hefur síðan orðið svo heilsulaus, að henni varð að leggja sveitarstyrk síðasta fardagaár. Önnur þeirra (Guðrún) eignaðist síðastl. vetur barn, sem hún verður að sjá fyrir, svo að auk Eyjólfs er það að eins 1 af börnum Illuga (Helga), sem enn getur nokkuð látið með honum. Síðan tjeður úrskurður um fúlgu Eyjólfs Illugasonar með föður sínum var gefin út, hafa þannig ástæður fyrir hinum börnum Illuga stórum

venrnad. Það fer þess vegna svo fjarri því, að ástæða sje til að færa niður fúlgu Eyjólfs Illugasonar með föður sínum, að það væri fremur ástæða til að hækka hana.

Með því að tjeður Eyjólfur hefur enn ekkert borgað af fúlgunni, leyfi jeg mjer, með skírskotun til brjefs míns til yðar 7. des. f.á., að fara þess á leit, að þjer hlutist til um, að það, sem áfallið er af henni, 20 kr., sem fjellu í gjalddaga 1. júlí f.á., 20 kr., sem í gjalddaga fjellu 1. jan. þ.á. og 20 kr., sem fjellu í gjalddaga 1. þ.m., samtals 60 kr., verði tafarlaust tekið lögtaki hjá tjeðum Eyjólfi og sent mjer svo fljótt sem verða má.

Brjef til sýslum. í Húnav. sýslu 25. júlí 1898

Síðastliðið vistarár var í Tungunesi hjer í hreppi gamalmenni nokkurt, Jóhann Jónsson, sem ekki gat vistað sig síðastl. vor, og hefur því 23. þ.m. leitað til hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi og beðið hana að ráðstafa sjer til bráðabirgða, með því að hann bæði er fjelaus og getur ekki sjálfur unnið fyrir sjer. Jóhann þessi kvaðst vera á 72. aldursári og er orðinn mjög hrumur.



Jeg hef spurt hann um verustaði hans, til þess að fá að vita, hvar hann á sveit. Kvaðst hann vera fæddur á Hofi í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu og hafa dvalið þar fram að þrítugsaldri og eigi því framfærslurjett í þeim hreppi. Að öðru leyti man hann mjög óglöggt um verustaði sína; kvaðst hafa verið í Viðvíkur-, Hóla-, Akra-, Staðar-, Sauðár- og Seiluhreppi í Skagafjarðarsýslu, síðan á Harastöðum í Vindhælishreppi fyrir 9 árum og síðast nokkur ár í Svínavatnshreppi, en hvergi svo lengi á einum, í þessum hreppum, að hann hafi unnið sjer þar sveit. Það má því telja víst, að hann eigi sveit í Hofshreppi. Leyfi jeg mjer því að fara þess á leit við yður, að þjer spyrjist fyrir um, hvort hreppsnefndin þar viðurkenni sveitfesti hans þar í hreppi, og tilkynnið henni jafnframt, að farið sje að leggja honum styrk af sveitarsjóði Svínavatnshrepps gegn væntanlegu endurgjaldi af framfærslusveit hans. Viðurkenni hún eigi sveitfesti hans, leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að þjer rannsakið, hvar hann er sveitlægur, og þegar það er upplýst, að þjer gefið út vegabrjef handa honum, til þess að hann

vendi flutter fátækraflutningi á sveit sína, en á meðan neyðist hreppsnefnd Svínavatnshrepps til að koma henni fyrir til bráðabyrgða uppá meðgjöf af sveitarsjóði gegn væntanlegu endurgjaldi af framfærslusveit hans.

Brjef til sýslumannsins í Húnav. sýslu 25. júlí 1898

Um leið og jeg hjermeð viðurkenni, að Sigurlaug Ásmundsdóttir, sem hjer hefur skrifað mjer um með brjefi frá 2. þ. m., sje sveitlæg í Svínavatnshreppi, sendi jeg yður hjermeð 40 kr. til borgunar á þeim 40 kr., sem lagðar hafa verið með henni af sveitarsjóði Saurbæjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu síðastl. fardagaár.

Af því að svo erfitt er að gefa með henni svo langt í burtu, kýs hreppsnefnd Svínavatnshrepps helst, að hún yrði flutt hingað fátækraflutningi, en þó krefst nefndin þess ekki, meðan eigi þarf að gefa meira með henni en 45 kr. á ári, af því að þess er getið í brjefi oddvitans í Saurbæjarhreppi, er fylgdi tjeðu brjefi yðar að hún sje „ófáanleg" til að flytja á framfærsluhrepp sinn og af því það þyki ei viðurhlutamikið að hrekkja hana á gamals aldri nauðuga frá þeim stöðvum, þar sem hún hefur lengi dvalið og ef til vill á ýmsa að. Hreppsnefnd Svínavatnshrepps ætlar því að leggja með henni fyrirnefndar 45 kr. á ári framvegis, og geri að öðru leyti enga ráðstöfun henni viðvíkjandi, enda hefur brjef oddvitans í Saurbæjarhreppi eigi gefið tilefni til þess.

Jeg endursendi hjermeð áðurnefnt brjef oddvitans í Saurbæjarhreppi.



Brjef til oddvitans í Biskupstungnahreppi 25. júlí 1898.

Til svars upp á brjef yðar frá 20. f. m. læt jeg yður hjermeð vita, að hreppsnefnd Svínavatnshrepps fellst á, að Tungnamenn leggi í haust fjárkví þá að norðanverðu við Seyðisá, sem hjer talað um í tjeðu brjefi yðar, og sundurdrátt á fje fyrir norðan ána.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 27. júlí 1898.

Eptir umtali við yður í gær sendi jeg til yðar Jóhann þann Jónsson, er jeg með brjefi 25. þ. m. skrifaði yður um til þess að þjer getið yfirheyrt hann um verustaði hans.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 30. júlí 1898.

Með brjefi, dagsettu 2. þ. m., hafið þjer sent mjer brjef til yðar frá Magnúsi Björnssyni á Syðri-Löngumýri, dags. 7. f. m., með 5 fylgiskjölum og óskað að fá umsögn hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi um það.

Jeg hef borið þetta mál undir nefndina og skal nú skýra yður frá áliti hennar því viðvíkjandi.

Að vísu er Ingiríður Illugadóttir sú, er hjer ræðir um, sveitlæg hjer í hreppi, en þó getur Magnús, að áliti nefndarinnar, engan veginn haft rjett til að fá borgaðan af sveitarsjóði allan þann upphæðina, sem hann gerir kröfu til, bæði af því að fundin o. fl. er of hátt reiknað, og einkum af því að hann hefur flutt Ingiríði til Sauðárkróks og komið henni þar fyrir án ráðstöfunar og samþykkis nefndarinnar. Magnús átti ekki tal við neinn í nefndinni um þetta, nema varaoddvita, en hann neitar því, að hann hafi gefið nokkurt samþykki til, að sveitarsjóðurinn borgaði flutning hennar þangað og veru hennar þar, enda gat hann <u>einn</u> ekki skuldbundið sveitar-



sjóðinn til þess. Það má þó ekki minna vera, en að hreppsnefnd eigi einhvern þátt í þeim ráðstöfunum, sem baka sveitarsjóði einhver útgjöld, til þess að menn geti ekki með óskynsamlegum ráðstöfunum bakað sveitarsjóði óþarfa útgjöld.

Að því er sjerstaklega snertir hina einstöku reikninga og hina einstöku liði í þeim, þá tek jeg fyrst reikning Magnúsar, að upphæð kr. 47.40. Þótt nefndin gerði enga ráðstöfun til þeirrar ferðar, sem 1. tl. ræðir um, virðist þó eigi óeðlilegt, að sú ferð væri farin án ráðstöfunar nefndarinnar, þar sem það var gert, til að útvega Ingiríði meðul í byrjun veikindanna, og því hefur nefndin eigi á móti að borga 1. tl. reikningsins, þó þannig, að kaupið sje sett niður um 1 kr. á dag og ferjutollur felldur úr, með því að jeg hef samspurt, að Magnús hafi sent í þessa ferð litljetting, sem hann þurfti lítið kaup að gjalda og um það leyti var Blanda vel fær á hesti. Af þessum lið vill þá nefndin borga

| | |
|---|---|
| kr. 11.90 ÷ 2.50 = | kr. 9.40 |
| Sömuleiðis 5. lið reikningsins | 10.00 |
| Flyt | kr. 19.40 |

Flutt 19.40

En hina liði reikningsins mótmælir nefndin
að borga af framangreindum ástæðum. Um það
að Magnús sá fram á, að veikindi Ingiríðar
mundu hafa meiri kostnað í för með sjer,
átti hann ekki að leggja út í þann kostnað
án ráðstöfunar og samþykkis nefndarinnar,
fyrst hann vildi fá hann borgaðan af sveitarsjóði.
Sjerstaklega mótmælir nefndin að borga 3. lið
reikningsins, því að óþarfi var að gera nýja
eða sjerstaka ferð, til að koma Ingiríði fyrir,
nálega mánuði eptir, að hún var komin
til Sauðárkróks, þar sem það mátti gera, um
leið og hún var flutt þangað. En verði samt
sem áður litið svo á, að borga beri af sveitar-
sjóði hina liði reikningsins, verð jeg að krefj-
ast þess, að þeir verði settir niður um
helming, af því að til ferðanna var notaður lít-
ljettingur, og alls engin þörf á að fá ferju
um það leyti.

Af því að Ingiríður var lausakona að
að þriðjungi og bað nefndina, eptir að hún
var komin til Sauðárkróks, um styrk af
sveitarsjóði, til að borga með kostnað af

Flutt 19.40



Flutt kr. 19.40

vera sinni þar að þeim hluta, þá hefur nefndin
eigi á móti að borga þriðjunginn af reikn-
ingi Pjeturs Pjeturssonar eða — 18.33
Nefndin samþykkir og að borga reikning
hjeraðslæknis Sæmundar Bjarnhjeðinssonar 12.85
Það verða þá Kr. 50.58
sem nefndin samþykkir að borga af sveitarsjóði
af framangreindum reikningsupphæðum.

En reikning Magnúsar, að upphæð kr. 28.00
neitar nefndin með öllu að borga, af því að Ingi-
ríður var lausakona að þriðjungi, bað eigi um
neinn styrk af sveitarsjóði, til þess að komast
af að þessum þriðjungi yfir veturinn, og nefndin
hafði ekki minnsta hugboð um, að hún, að hún
þyrfti styrks um þann tíma, enda mun hún
þá hafa haft allgóða heilsu og getað unnið
fyrir sjer. Ef Ingiríður hefði beðið styrks
um þennan tíma og þurft hans að þessum
þriðjungi, hefði nefndin komið henni fyrir
eða ráðstafað henni. Magnús þurfti ekki að
halda hana að þriðjungnum, og nefndinni
var engin þægð í því. Þar sem hann hefur
haldið hana að þriðjungnum án nokkurrar

ráðstöfunar frá nefndinni, hefur hann engan
rjett til að fá þessa upphæð borgaða af sveit-
arsjóði.

Brjef Magnússonar með 5 fylgiskjölum
endursendist hjer með.

Brjef til oddvitans í Torfalækjarhreppi
15. okt. 1898.

Í nýafstaðinni eptirleit, sem eptir tilhlutun
hreppsnefndarinnar var gjörð á Auðkúluheiði,
fanst grá hryssa, 1 tryppi vetrung. og 1 tryppi
tvævett, sem öll eru eign Erlendar á Beina-
keldu, grár foli 4 vetra, sem Guðmundur
á Hnjúkum á; gráskjótt hryssa vetrung., sem
Sveinn Stefánsson í Sauðanesi á, og rauðskjótt
folaldsmeri, sem Jónas á Smiðjubergi á. Hefur
hreppsnefndin hjer ákveðið, samkvæmt 32. gr.
fjallskilareglugjörðarinnar, að eigendur hrossa
þessara borgi í eptirleitarkostnað 5 kr. af hverju
hrossi. Eru hrossin í vöktun hjá hreppstjór-
anum hjer í hreppi, og verður þeim eigi
sleppt, nema eptirleitarkostnaðurinn og áfall-
inn vöktunarkostnaður verði borgaður, um
leið og þau verða tekin eða trygging gefin



fyrir borguninni. Þetta bið jeg yður að
tilkynna eigendum hrossanna sem fyrst
og jafnframt, að þeir ættu að sækja þau
sem allra fyrst.

Enn fremur fanst í þessari eptirleit
vetrungömul gimbur, sem Björn í Holti á
Ásum á, ær, sem Jósafat sama staðar á, og
lamb með dilk, sem Erlendur á Beinakeldu
á. Af þar til kvöddum mönnum, hafa
kindur þessar verið virtar þannig:

| | |
|---|---|
| Vetrung. gimbr Björns í Holti | 7.00 |
| Ær Jósafats s. st. | 8.00 |
| Ær og dilkur Erlendar á Beinakeldu | 12.00 |
| Samtals kr. | 27.00 |

Hefur hreppsnefndin, samkvæmt 29. gr.
fjallskilareglugjörðarinnar, ákveðið, að
í eptirleitarkostnað skuli borgast helming-
ur virðingarverðs kinda þessara eða
kr. 13.50, sem sveitarsjóði Torfalækjar-
hrepps ber að borga, og leyfi jeg mjer
hjer með að fara þess á leit, að þjer sem
fyrst greiðið þessa upphæð af sveitar-
sjóðnum.

Tjeðar kindur verða seldar

af hreppsnefndinni á Svínavatni 18. þ. m. með manni, sem væntanlega kemur þangað að hirða fje úr Torfalækjarhreppi.

Brjef til oddvitans í Torfalækjarhreppi 11. nóv. 1898.

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, að verð óskilafjár, sem selt hefur verið í Svínavatnshreppi haustið 1896 og sem ekki hefur gengið út og verð ómerkinga seldra í Svínavatnshreppi haustið 1897, hefur að kostnaði frádregnum numið samtals kr. 89.66; af því ber Torfalækjarhreppi 1/3 eða kr. 29.88. Aptur á móti ber Torfalækjarhreppi að borga til Svínavatnshrepps óskilafjárverð úr Torfalækjarhreppi og bið jeg yður að láta mig vita með brjefberanum, hve mikið það er. Auk þess ber Torfalækjarhreppi að borga til Svínavatnshrepps eftirleitarkostnað fyrir 4 kindur í haust, að upphæð kr. 13.50, samkvæmt brjefi mínu til yðar 15. f. m.

Hjer með leyfi jeg mjer að senda yður eptirrit af reikningi yfir kostnað



við bygging á Kólkuskála og fara þess á leit, að borgunin verði af sveitarsjóði Torfalækjarhrepps þriðjungur þess kostnaðar eða kr. 9.16 samkvæmt loforði yðar í brjefi yðar 21. marts 1896.

Af persónuuppihaldinu sem Torfalækjarhreppur á að borga Svínavatnshreppi, bið jeg yður að taka ofannefndar kr. 29.88, en skrifa afganginn inn í reikning Svínavatnshrepps við Höepfners verzlun á Blönduósi.

Brjef til sýslum. í Húnavatnssýslu 11. nóv. 1898

Eptir þeim upplýsingum, sem nú eru fram komnar um Ingibjörgu Jóhannsdóttur, er brjef yðar 31. ág. síðastl. ræðir um, viðurkennir hreppsnefndin í Svínavatnshreppi hana sveitlæga í þeim hreppi og sendi jeg yður hjer með kr. 1.50 til borgunar á kr. 1.50, sem tjeð Ingibjörg hefur fengið að láni af sveitarsjóði Vindhælishrepps.

Jeg skal geta þess, að jeg hef eigi getað svarað tjeðu brjefi yðar frá 31. ág. fyr en nú, af því að jeg hef eigi síðan jeg fjekk

það, getað, fyrr en nú nýlega, komið á lögmæt-
um hreppsnefndarfundi, þar sem jeg gæti borið
þetta málefni undir nefndina.

Brjef til sýslum. í Húnavatnssýslu 11. nóv. 1898

Með brjefi, dags. 17. f. m. hefið þjer sent
mjer brjef oddvitans í Hofshreppi í Skaga-
fjarðarsýslu viðvíkjandi Jóhanni þeim Jóns-
syni, sem jeg skrifaði yður um 25. júlí þ. á.
og sem nú nýtur framfærslustyrks af sveit-
arsjóði Svínavatnshrepps gegn væntanlegu
endurgjaldi af framfærslusveit hans, en
hann segir að sje Hofshreppur í Skagafjarðar-
sýslu.

Í þessu brjefi ~~hefur~~ kveðst hreppsnefnd-
in í Hofshreppi eigi geta að svo stöddu viður-
kennt Jóhann þennan sveitlægan þar, af því
að framburður hans um aldur sinn beri
eigi saman við kirkjubækur þar í prestakall-
inu, en þetta kemur auðvitað af því, að
Jóhann man ekki rjett um aldur sinn, enda
hefur hann borið við rjettarpróf það, sem
haldið var yfir honum 3. þ. m. „að sjer kunni
að skjátlast með aldurinn". Eptir þeim upp-



lýsingum, sem hann gaf við rjettarhald þetta,
um foreldra sína og systkini, leikur enginn
efi á, að þessi Jóhann, sem nú nýtur
framfærslustyrks af sveitarsjóði Svína-
vatnshrepps, er hinn sami Jóhann, er, sam-
kvæmt brjefi hreppsnefndarinnar í Hofs-
hreppi, er fæddur þar 5. júlí 1832, og með
því að hann hvergi annarstaðar hefur unn-
ið sjer framfærslusveit, þá er fæðingar-
hreppurinn hans, Hofshreppur í Skagafjarðar-
sýslu, framfærslusveit hans.

Eins og þessi Jóhann hefur borið
við nefnt rjettarhald 3. þ. m., gekk hann
síðastliðið vor úr Svínavatns~~sýslu~~ hreppi inn í
Engihlíðarhrepp og var þar um tíma,
en af því að hann gat ekki gegnt því starfi,
sem hann var þar ráðinn til, fór hann
aptur inn í Svínavatnshrepp, til þess
að reyna að hafa þar ofan af fyrir sjer,
en af því að enginn vildi halda hann þar
fyrir matvinnung, hvað þá heldur fyrir
kaup, neyddist hann til að leita til hrepps-
nefndarinnar hjer í hreppi og biðja hana
að ráðstafa sjer 23. júlí síðastl. Reyndi

þá hreppsnefndin að koma honum fyrir
sem matvinnung, en það var með engu
móti mögulegt, sem ekki var heldur von, því
að hann er mjög hraumur ónýtur og heilsu-
lítill, og með því að hann hafði alls engin
efni, neyddist hreppsnefndin til að koma
honum fyrir upp á meðgjöf. Eptir þessum
upplýsingum vona jeg, að hreppsnefnd Hafs-
hrepps hætti að „furða" sig á því eða „þykja
það ískyggilegt, að hreppsnefndin í Svína-
vatnshreppi skyldi fara að leggja honum
um hásumar", eða að hún leitaði ekki
eptir framfærslusveit hans fyr en 25. júlí,
þ. e. 2 dögum eptir að hún hafði komið
honum fyrir.
Að öðru leyti læt jeg mjer nægja
að vísa til þess rjettarhalds 3. þ. m., er,
auk þess, sem þegar er tekið fram, gefur
greinilegar upplýsingar um það atriði,
sem hreppsnefnd Hafshrepps óskar upp-
lýst. Ef téð hreppsnefnd vill, eptir
þeim upplýsingum, sem nú eru fram
komnar, eigi viðurkenna optnefndan



Jóhann Jónsson sveitlægan í Hafshreppi, leyfi
jeg mjer, með skírskotun til brjefs míns
25. júlí útarst. að fara þess á leit, að þjer
leitið frekari upplýsinga í þessu máli, ef
þjer teljið þess þörf, og fáið útkljáð um
framfærslusveit optnefnds Jóhanns Jóns-
sonar á þann hátt, sem lög ákveða.
Hjer með endursendist brjef hrepps-
nefndar Hafshrepps og útskript af rjettar-
prófi yfir tjeðum Jóhanni 27. júlí þ. á.
og útskript af rjettarprófi yfir honum
3. þ. m.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatns-
sýslu 1. des. 1898.
(Ágrip) Með brjefi þessu var sýslumanni
sendur reikningur yfir tekjur og útgjöld
sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi fardaga-
árið 1897–98 og
skýrsla um grenjaleitir og grenjavinnslu
í Svínavatnshreppi 1898.

Brjef til stjórnar Söfnunarsjóðs Íslands 2. jan. 1899
Hjer með leyfi jeg mjer að fara þess á leit

ad þjer sendit mjer látit mig vita med næsta pósti, hve mikit styrktarsjóðum handa alþýðufólki í Svínavatnshreppi átti í Söfnunarsjóði Íslands 31. des. 1897 og 31. des. 1898, með því að jeg get eigi fengið nákvæman reikning um tjeðan styrktarsjóð hjá hreppstjóranum hjer í hreppi að því, en snertir vexti í Söfnunarsjóðnum, og get því eigi gefit nákvæma skýrslu til sýslunefndarinnar um efnahag sjóðsins.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnss. 7. jan. 1899.
(Ágrip) Með brjefi þessu var sýslumanni sendur reikningur yfir tekjur og gjöld vegasjóðsins í Svínavatnshreppi árið 1898.

Brjef til Jóns Sigurðssonar á Brún 7. jan. 1899
Á fundi 28. ág. síðastl. skipaði hreppsnefndin í Svínavatnshreppi svo fyrir, að þjer og Halldór Halldórsson á Eldjárnsstöðum skylduð leggja til 1 mann í fyrri göngur á Auðkúluheiði síðastl. haust, þjer að 3/4 hlutum, en Halldór að 1/4 hluta. Þetta tilkynnti jeg yður í tæka tíð, en eigi að síður lögðuð þjer ekkert til gangnanna.



Eptir ákvæðum hreppsnefndarinnar leyfi jeg mjer því hjer með að skora á yður að borga sem allra fyrst til mín 15 – fimmtán – krónur fyrir þessi gangnavanskil yðar, eptir mati hreppsnefndarinnar á þeim gangnaskilum, sem yður voru gjörð.

Ef þjer mót von skylduð eigi góðfúslega vilja borga þessar 15 kr. bið jeg yður að skýra mjer tafarlaust frá því með þeim ástæðum, sem þjer hafið fyrir því.

Brjef til Halldórs Halldórssonar á Eldjárnsstöðum 7. jan. 1899.
Með því að þjer inntuð eigi af hendi þau gangnaskil, sem hreppsnefndin lagði á yður síðastl. haust, að leggja til mann í fyrri göngum á Auðkúluheiði að 1/4 hluta móti Jóni á Brún, en skyldi leggja til manninn að 3/4 hlutum, leyfi jeg mjer hjer með að skora á yður að borga til mín 5 – fimm – krónur fyrir þessi gangnavanskil yðar, eptir mati hreppsnefndarinnar á þessum gangnaskilum, sem yður voru gjörð.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 12. jan. 1899

Með brjefi 4. des. 1897 og brjefi 11. júlí f. á. fór jeg þess á leit við yður, að þjer hlutuðust til um, að tekin yrði lögtaki hjá járnsmið Eyjólfi Illugasyni í Hafnarfirði fúlga, sem honum með amtsúrskurði 22. júlí 1897 er gjört að skyldu að greiða með föður sínum Illuga Ásmundssyni, sem framfærist af fátækrafje Svínavatnshrepps. Fúlga þessi er ákveðin 40 kr. á ári; eiga 20 kr. að greiðast 1. júlí, en 20 kr. 1. jan. ár hvert, og átti fúlgan í fyrsta skifti að greiðast 1. júlí 1897. Af fúlgu þessari hefur enn ekkert verið borgað til sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi, og jeg hef enn ekki fengið að vita, hvern árangur áðurnefnd brjef mín til yðar hafa haft. En í vetur fjekk jeg frá tjeðum Eyjólfi Illugasyni afsakabrjef, er jeg sendi yður hjer með. Í brjefi þessu kveðst hann hafa borgað af fúlgunni „til Franz“ (ɔ: sýslumanns Franz Siemsens) 20 kr. í ágúst 1897 og 20 kr. í jan. 1898.

Jeg leyfi mjer því hjer með fara þess á leit við yður, að þjer hlutist til um, að rannsakað verði, hvort nokkuð er-



haft í þessu, og reynist það satt, að þá verði þessar 40 kr. greiddar tafarlaust til sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi, svo og að tekið verði lögtaki hjá tjeðum Eyjólfi Illugasyni það, sem á vantar af fúlgunni, að upphæð 40 kr., en ef þessi sögusögn hans reynist ósönn, að þá verði allt það, sem fallið er í gjalddaga af fúlgunni, tekið lögtaki hjá honum sem allrafyrst, þ. e. það, sem í gjalddaga fjell:

| | |
|---|---|
| 1. júlí 1897 | kr 20.00 |
| 1. jan 1898 | — 20.00 |
| 1. júlí s. á. | — 20.00 |
| 1. þ. m. | — 20.00 |
| Samtals | kr. 80.00 |

og mjer sent það við fyrsta tækifæri.

En náist þetta ekki allt eða ekkert af því, leyfi jeg mjer að mælast til, að þjer á sínum tíma tilkynnið mjer það.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 12. jan. 1899

Með því að enn er óborguð fúlga Sigurbjörns Guðmundssonar með óskilgetnu barni hans, Helgu Guðbjörgu, sem er hjer í sveit, 15 kr., sem fjellu í gjalddaga 14. maí f. á. og

15 kr., um fjellu í gjalddaga 14. nóv. f. á., samtals 30 kr. (sbr. brjef mitt til yðar 16. maí f. á.) – þá leyfi jeg mjer hjer með að fara þess á leit við yður, að þjer hlutist til um, að þessar 30 kr. verði tafarlaust greiddar af framfærsluhreppi Sigurbjörns Guðmundssonar, Ljósavatnshreppi, til sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 10. febr. 1899
Hjer með leyfi jeg mjer að skýra yður frá, að styrktarsjóður handa alþýðufólki í Svínavatnshreppi átti 31. des. 1897 í Söfnunarsjóði Íslands, aðal deild

| | |
|---|---|
| № 143 | kr. 291.21 |
| og hjá hreppstjóranum í Svínavatnshreppi – sem hann lagði inn í Söfnunarsjóðinn á árð-verðu ári 1898. | 31.42 |
| Eign styrktarsjóðsins var 31. des. 1897 samtals | kr. 322.63 |

Brjef til oddvita sýslunefndarinnar í Húnav. sýslu 28. febr. 1899 (Agrip) Með brjefi þessu var send skýrsla um gjaldendur til styrktarsjóðs handa alþýðufólki í Svínavatnshreppi árið 1899.



Brjef til sýslumannsins í Húnav. sýslu 1. mars 1899
Hreppsnefndin í Svínavatnshreppi hefur samþykkt að fela yður, samkvæmt lögum 4. júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtsjóða og sýslusjóða, 4. gr., að innheimta sýslusjóðsgjald það, sem greiða ber í ár úr sveitarsjóði tjeðs hrepps, og með því að brúargjald það, sem sýslunefnd en heimilað að leggja á sýslubúa með lögum 26. febr. 1898 um sjerstakt gjald til brúargjörða, á samkvæmt 3. gr. þeirra að greiðast úr sveitarsjóði eftir sömu reglum, sem sýslusjóðsgjald, þá hefur hreppsnefnd Svínavatnshrepps einnig samþykkt að fela yður, ef sýslunefnd leggur brúargjald á sýslubúa, að innheimta brúargjald það, sem greiða ber úr sveitarsjóðnum í ár.
Jafnframt því að tilkynna yður þetta, leyfi jeg mjer að fara þess á leit við yður, að þjer látið mig sem fyrst vita, hve mikla upphæð sýslusjóðs- og brúargjald, er í ár á að greiðast úr sveitarsjóði Svínavatnshrepps, til þess að hreppsnefndin geti jafnað niður þessum gjöldum á hreppsbúa, og fyrir hvern tíma þjer viljið fá frá nefndinni niðurjöfnun þessara gjalda.

Umburdarbrjef um Svínavatnshrepp 27. mars 1899.
Eptir fyrirmælum amtsins eiga hreppsnefndir að fara að gefa við lok hvers árs skýrslur um heilbrigðisástand manna í hreppnum fyrir hið liðna ár, í fyrsta sinni við lok þessa árs. Jeg læt hjermeð fylgja prentað rit um þetta efni, og sjá menn á því, hvað á að tilfæra í skýrslum þessum og hvernig þær eiga að vera.
Til þess að skýrslur þessar verði ekki þýðingarlaust kák, verða bændur að gefa hreppsnefndunum upplýsingar um veikindi, sem fyrir koma í heimilum þeirra og um annað, sem tilfæra þarf í skýrslunum, veikindunum viðvíkjandi.
Þess vegna bið jeg alla heimilisráðendur hjer í hreppi að lesa nákvæmlega meðfylgjandi rit og gefa mjer nefndar upplýsingar skriflega eða munnlega um veikindi, sem fyrir koma á heimilum þeirra.

Brjef til sýslumannsins í Húnav. sýslu 5. apr. 1899.
Hjermeð sendi jeg yður reikning frá sveitarsjóði Svínavatnshrepps til sveitarsjóðsins í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu fyrir meðgjöf með Jóhanni þeim Jónssyni, er ræðir um í brjefi yðar 27. febr. síðastl., og bið yður að hlutast til um, að reikningurinn, að upphæð kr. 86.43, verði sem fyrst borgaður til sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi.



Reikningur
frá sveitarsjóði Svínavatnshrepps
til sveitarsjóðsins í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Meðgjöf með þurfalingnum Jóhanni Jónssyni frá 23. júlí til 30. sept. 1898, eða í 10 vikur 2 kr. um vikuna | 20.00 |
| 2. | Meðgjöf með sama þurfalingi frá 1 okt. 1898 til 4. apr. 1899, eða í 26 4/7 viku, 2 kr. 50 a. um vikuna | 66.43 |
| | Samtals | kr. 86.43 |

Brjef til oddvitans í Torfalækjarhreppi 7. apr. 1899.
Um leið og jeg hjermeð sendi yður eptirrit af reikningi yfir kostnað við dýralækning í hrossarjettinni í Stóradalsnesi, leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að þjer greiðið inn í reikning Svínavatnshrepps við verslun Höepfners eða Möllers á Blönduósi þær kr. 2.87, sem Torfalækjarhreppi ber að greiða af téðum kostnaði.

Jafnframt skora jeg á hreppsnefnd Torfalækjarhrepps að láta byggja í vor fyrir sinn hrepp inn tvo dilka við hrossarjettina, annan fyrir austurhlutann, en hinn fyrir vesturhluta hreppsins. Hreppsnefndin hefur látið það dragast allt of lengi, og er vonandi, að hún láti það ekki dragast lengur.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 17. apr. 1899.
Hjermeð sendi jeg yður niðurjöfnun sýslusjóðsgjalds og brúargjalds, sem borga ber í ár af sveitarsjóði Svínavatnshrepps.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 28. apr. 1899.
Hjermeð sendi jeg yður kjörskrá yfir þá menn í Svínavatnshreppi, sem kosningarrjett hafa til alþingis, gildandi frá 1. júlí 1899 til 30. júní 1900.

Brjef til oddvitans í Áshreppi 10. maí 1899.
Sveitarsjóður Svínavatnshrepps skuldaði sveitarsjóði Áshrepps við lok fardagaársins 1897–98 fyrir grenjavinnslu í Dalskvíslum 11.82
Flyt 11.82



Fl. 11.82
og fyrir undirmann í Fljótstungu- og Hverárrjettir haustið 1897 8.00 19.82
Með brjefi 27. f. m. hefur gjaldkeri sveitarsjóðsins í Áshreppi krafist borgunar fyrir grenjavinnslu í Dalskvíslum vorið 1898 18.64
og fyrir undirmann í Fljótstungu- og Hverár-rjettir haustið 1898 8.00 26.64
Samtals 46.46

Í eptirleit á Auðkúluheiði í síðastl. okt, sem gjörð var eptir tilhlutun hreppsnefndarinnar hjer í hreppi, fundust 2 lömb, sem Björn á Marðarnúpi átti. Þau voru að vísu heiman að sloppin, en með því að hin nýja fjallskilareglugjörð fyrir Húnavatnssýslu kom eigi fyr en í nóv. síðastl. eða löngu seinna en tjeð eptirleit fór fram, verður hin eldri fjallskilareglugjörð að gilda að því, er þessa eptirleit snertir, en samkvæmt þeirri reglugjörð ber sveitarsjóði Áshrepps að borga eptirleitarkostnaðinn við lömb þessi, sem er 4 kr., með því að hreppsnefndin ákvað, að greiða skyldi helming verðs fyrir þau, en þau voru virt bæði á 8 kr.
Upp í framangreindar kr. 46.46 skoða jeg því borgaðan tjeðan eptirleitarkostnað kr. 4.00
Fl. — 4.00

Kr. 7.00

Svo hafa, eins og medfylgjandi kvittun sýnir, verid borgadar til Jónasar á Ásum 7.00

Enn í verzlunarreikning sveitarsjódsins í Áshreppi á Blönduósi hafa verid skrifadar inn, eins og medfylgj. sedill sýnir 35.46

Samtals 46.46

Jeg bid ydur ad senda mjer vid fyrsta tækifæri sundurlidada kvittun fyrir þessum 46.46, svo ad á henni sjáist, fyrir hvad þessi upphæd er borgud.

Brjef til oddvitans í Saurbæjarhreppi í Eyjafjardarsýslu 20. maí 1899

Jeg hef medtekid brjef ydar frá 11. nóv. f. á. ásamt kvittadum reikningi yfir þad sem sveitarómagi Svínavatnshrepps, Sigurlaug Gudmundsdóttir, er dvelur í Saurbæjarhreppi, fjekk lánad af sveitarsjódi ad annefnds hrepps fardagaárid 1897-98.

Samkvæmt þvi brjefi sendi jeg ydur hjer med ~~sem~~ 45 - fjörutíu og fimm - krónur í peningum, sem er medlag frá sveitarsjódi Svínavatnshrepps yfirstandandi fardagaárin med tjedri Sigurlaugu Gudmundsdóttur, og takid hjer þar af borgun fyrir þad, sem



hún kann ad hafa fengid lánad þetta fardagaárid af Saurbæjarhreppi, en afganginn, verdi hann nokkur, bid jeg ydur ad afhenda henni. Svo bid jeg ydur og ad senda mjer sem allra fyrst kvittun fyrir tjedri upphæd.

Brjef til Jóhannesar Einarssonar á Sídu í Engihlídarhreppi 20. maí 1899.

Eptirleit á Audkúluheidi sídastl. haust, sem gjörd var eptir tilhlutun hreppsnefndarinnar hjer í hreppi, fannst brúnn foli veturgamall, sem hjer áttud, og hefur hreppsnefndin hjer samkvæmt þá gildandi fjallskilareglugjörd ákvedid ad greida skuli í eptirleitarkostnad fyrir hann 3kr., sem ydur samkvæmt fjallskilareglugjördinni ber ad borga til sveitarsjódsins í Svínavatnshreppi. Jeg leyfi mjer því hjer med ad skora á ydur ad borga sem fyrst tjedar 3kr. í reikning hreppsins vid adra hvora verzlunina á Blönduósi eda í peningum til mín

Brjef til oddvitans í Saurbæjarhr. í Eyjaf. 27. júní 1899

Jeg hef medtekid brjef ydar frá 29. f. m.

þar um sjer tilkynnið mjer andlát Sigur-
laugar ~~laugar~~ Guðmundsdóttur, sem að undan-
förnu hefur dvalið í Saurbæjarhreppi, en
notið styrks af sveitarsjóði Svínavatns-
hrepps ásamt reikningi frá Saurbæjar-
hreppi yfir það, sem hann hefur lagt með
henni síðasta fardagaár og yfir útfararkostn-
að hennar, sem og eptirrit af uppboðsgjörð
á eptirlátnum fjármunum hennar.

Áður en jeg fjekk brjef þetta og reikn-
inga, hafði jeg sent yður 45 kr. í pen-
ingum sem meðlag með Sigurlaugu síðastl.
fardagaár. Af peningum þessum takið þjer
þær kr. 10.10, sem Svínavatnshreppur skuldaði
Saurbæjarhreppi samkvæmt tjeðum reikningi
yðar, en þær kr. 34.90, sem afgangs eru, bið jeg
yður að senda mjer aptur sem allrafyrst
ásamt kvittun fyrir nefndum kr. 10.10.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnss. 30. sept. 1899

Í brjefi dags. 11. þ. m., er jeg fjekk fyrir fá-
um dögum, leggið þjer fyrir mig að útvega
og senda yður allar þær upplýsingar, sem jeg
get fengið, um efnahag og ástæður Gunnars



Gunnleifssonar í Stóradal.

Gunnar þessi er kvæntur maður. Áður
en hann kvæntist, átti hann barn, sem nú mun
vera 6 eða 7 ára gamalt og með konunni
hefur hann átt 2 börn; annað þeirra er á 3. ~~ári~~,
en hitt á 7. ári, og kona hans er nú vanfær.
Hann á ekki nokkra skepnu og er, í stuttu
máli, öreiga maður, sem hefur ekkert af eigin
ramleik, til að framfleyta með konu og
börnum, nema það sem hann og kona hans
vinna sjer inn. En með því að það nægir
ekki, nýtur hann eigi alllítils styrks af
framfærslusveit sinni Bólstaðarhlíðar-
hreppi. Áður en kona Gunnars
giptist, átti hún barn með öðrum manni,
og er meðgjöfin með því að hennar parti greidd
af sveitarsjóði tjeðs hrepps.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnss. okt. 1899.

Með brjefi 4. þ. m. hafið þjer sent
mjer brjef hreppsnefndarinnar í Hofs-
hreppi í Skagafjarðarsýslu, dags. 23. júní
þ. á., með 2 fylgiskjölum. Í brjefi þessu
neitar tjeð hreppsnefnd að borga til

sveitarsjóðs Svínavatnshrepps meir en kr. 43.50
af þeim kr. 86.43, sem lagt var síðastl. far-
dagaár úr tjeðum sveitarsjóði með þurfa-
lingi Hofshrepps Jóhanni Jónssyni. Ástæða
hreppsnefndar Hofshrepps fyrir þessari
neitun sinni er sú, að meðgjöfin með
Jóhanni sje of há, af því að hann hafi eigi
verið sjúkur og hafi verið ávallt eitthvað
að starfa. Þetta vill hún sanna með vottorði
frá Jóhanni sjálfum, sem þykist hafa unnið
mikið og enda verið matvinnungur.
En þetta er ekki rjett. Þegar Jóhann leit-
aði liðsinnis hreppsnefndarinnar hjer var
hann mjög lasinn, eins og mig minnir, að
hann bæri við rjettarpróf, sem haldið var
yfir honum 3. nóv. f. á. af sýslumanni Húna-
vatnssýslu. Hann var þá ófær til allrar
vinnu, en síðan um sumarið var hann að vísu
að reyna að fást eitthvað við heyvinnu, en eins og
meðfylgjandi vottorð frá hreppstjóra Ingvari
Þorsteinssyni í Sólheimum, sem Jóhann var
hjá, sýnir, var sú vinna Jóhanns mjög lítils
virði. Þótt hann væri við hrosshárs- og ullar-
vinnu að vetrinum, þá er sú vinna, eins og



allir vita, mjög svo arðlítil og lítilsvirði;
þar sem jafnvel duglegar spunakonur eru
ekki eða varla matvinnungar við ullar-
vinnu.
Það er eigi of mikið í lagt, þótt fæði Jó-
hanns, þjónusta og húsnæði hans og tóbak, sem
hann brúkar mikið af, sje reiknað 70a. á
um daginn, og gerir þetta um vikuna
70×7= kr. 4.90.+ En vinna hans hefur ómögu-
lega getað reiknast meira virði en
helmingur af þessu, eða 35a. á dag, sem
gerir um vikuna 35×6 = 2.10.
Eftir því hefði meðgjöfin átt að vera
2.80 um vikuna, en var um vikuna 2.50
að vetrinum og 2 kr. að sumrinu.
Þeir, sem hjeldu Jóhann, höfðu eigi
þörf fyrir þá vinnu, sem hann var við,
eins og meðfylgjandi vottorð frá þeim
sýnir, og ljetu hann vera að dútla við
þessa vinnu mest honum til skemmt-
unar.
En það, sem er aðalatriði í þessu
máli, er það, að þeir, sem hjeldu Jóhann,
vildu alls ekki ~~halda~~ taka hann fyrir

minni meðgjöf, en þeir fengu með honum, eins og meðfylgjandi vottorð frá þeim sýnir, og hreppsnefndin gat ekki komið honum fyrir nokkurstaðar fyrir minni meðgjöf.

Það sannar ekkert, þótt hreppsnefnd Hofs-hrepps kunni að hafa komið Jóhanni fyrir fyrir minna meðlag, því að hann getur verið betri til heilsu nú en þegar hann var hjer. Getur og sjerstaklega staðið á fyrir þeim manni, sem hann hefur tekið, svo að hann hafi fremur aðra en þörf fyrir þá vinnu, sem Jóhann getur unnið.

Hreppsnefnd Hofshrepps leggur auð-sjáanlega heldur ekki meir en svo trún-að á vottorð Jóhanns, þar sem hún vill þó borga með honum kr. 43.50, þótt hann þykist hafa verið hjer allt að því mat-vinnungur. Hefði nefndin lagt trúnað á það, mundi hún ekki hafa viljað borga sína tíma svona mikið með honum hingað.

Hreppsnefndin hjer getur því með engu móti slakað til eða gefið eptir af því meðlagi, sem lagt hefur verið



með Jóhanni Jónssyni af sveitarsjóði Svínavatnshrepps, að upphæð alls kr. 86.43, og heldur fast við þá kröfu sína, að þessi upphæð verði borguð af sveitarsjóði Hofs-hrepps til sveitarsjóðsins í Svínavatns-hreppi, í peningum sem allra fyrst, en ekki í vörum við einhverja verslun, og vona jeg, að hlutaðeigandi sýslumenn verði ásáttir um að skera þannig úr þessu máli.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnss. 21. okt. 1899

Með brjefi, dags. 1. þ. m., hafið þjer sent mjer 2 brjef. með 1 fylgiskjali frá hreppsnefndinni í Ás-hreppi um styrk, er Jóhann Ármannsson í Mandan nýlendu hefur fengið af sveitarsjóði Áss-hrepps og skorað jafnframt á mig að senda yður upplýsing mína um, hvort hreppsnefndin í Svína-vatnshreppi viðurkenni ekki Jóhann þennan Ár-mannsson sveitlægan í Svínavatnshreppi, og ef svo er, leggið þjer fyrir mig að senda yður upphæð þá, sem hann skuldar sveitarsjóðnum í Áshreppi.

Jeg hef fengið hjá prestinum í Auð-

kúluprestakalli vottorð um verustaði Jóhanns þessa hjer í hreppi. Vottorð þetta fylgir hjermeð. Samkvæmt því hefur hann verið búinn að vera hjer í hreppi í samfleytt 9 ár vorið 1896, en að minnsta kosti 7 árin af þessum 9 dvaldi hann í húsmennsku, án þess að hann einu sinni leitaði leyfis hreppsnefndarinnar til þess, hvað þá heldur að hún hafi veitt leyfi til þess. Dvöl hans hjer í hreppi hefur því verið þessi ár ólögleg, og hefði hann með slíkri dvöl eigi getað áunnið sjer sveitfesti hjer í hreppi, þótt hann hefði verið hjer 10 ár. Það var fyrst vorið 1896, að hann leitaði leyfis hjá hreppsnefndinni hjer til húsmennsku hjer í hreppi, en á fundi 13. júní s. á. neitaði nefndin honum um þetta leyfi, af því að hann mundi verða til þyngsla í sveitarfjelaginu, þar sem hann ~~hann~~ sakir efnaleysis, heilsubrests, elli og ómegðar mundi eigi geta komist af hjálparlaust.

Eptir það dvaldi hann þó á Tindum hjer í hreppi, án þess að hreppsnefndin skipti sjer af því að öðru leyti en því, að jeg tilkynnti bæði honum og þáverandi bóndanum



á Tindum þessa neitun nefndarinnar um húsmennskuleyfið, en 21. júlí 1896 skrifaði tjeður bóndinn mjer brjef, sem hjermeð fylgir, þar sem hann skýrir mjer frá, að Jóhann sje í heimildarleysi á Tindum og sje vegalaus; skoraði hann á mig að útvega honum verustað eða gera aðrar ráðstafanir honum viðvíkjandi. Jóhann var þar með stúlku, Guðríði Illugadóttur, og barni, sem hann hafði átt með henni, en Guðríður þessi var þá vanfær að öðru barni eptir Jóhann og ól það skömmu síðar.

Þegar jeg fjekk brjef Tindabóndans, skrifaði jeg þáverandi sýslumanni Húnavatnssýslu, skýrði honum frá ástæðum Jóhanns og barnsmóður hans, Guðríðar Illugadóttur, og bað hann um vegabrjef handa þeim, til þess að þau gætu flutt fátækraflutningi á sveit sína, en þá var það alkunnugt, að Jóhann átti Svínavatnshrepp, en Guðríður Torfalækjarhrepp. Með brjefi, dags. 9. sept. 1896, sem hjermeð fylgir,

skipin sýslumaðurinn nýja frá, að hann
hafi fengið viðurkenning fyrir sveitfesti
Guðríðar Ellugadóttur og barna hennar
í Torfalækjarhreppi og fyrir sveitfesti
Jóhanns Hermannssonar í Sveinsstaða-
hreppi og sendir nýja jafnframt vega-
bréfa fyrir þau, til þess að þau yrðu
flutt fátækraflutningi, Jóhann á Sveins-
staðahrepp, en Guðríður með 2 börnum
heima á Torfalækjarhrepp.

Samkvæmt vegabréfum þessum ætlaði
hreppstjórinn í Svínavatnshreppi að flytja
þau fátækraflutningi seint í sept. 1896, en
er hann kom til þess að Tindum, voru
þau Jóhann og Guðríður með börn sín al-
farin frá ~~Tindum~~ þaðan, svo að ekkert
varð af fátækraflutningi þeirra. Vega-
bréfunum læt eg fylgja hjer með, svo og vott-
orð frá hreppstjóranum hjer í hreppi um,
hvers vegna ekki varð af fátækraflutningn-
um.

Frá Tindum fóru þau Jóhann
og Guðríður með börn sín inn í Torfa-
lækjarhrepp, þar sem þau dvöldu vetur-



eptir og ~~þar sem~~ virðast menn þar
hafa látið sjer nægja annt um að hjálpa
þeim, svo að þau þyrftu einskis sveit-
arstyrks þann vetur og giptust veturinn
eptir, svo að eptir það varð Torfalækjar-
hreppur laus við Guðríði og börn hennar.

Þar sem nú optnefndur Jóhann
Hermannsson hefur í fyrsta lagi eigi
dvalið hjer í hreppi nema rúm 9 ár,
hefur í annan stað dvalið að minnsta
kosti 7 af þessum 9 árum sem ólöglegur
húsmaður og var í þriðja lagi við-
urkenndur sveitlægur í Sveinssta-
hreppi sumarið 1896, rjett áður en
hann fór hjeðan úr hreppi, þá getur
hann ómögulega átt framfærslusveit
í Svínavatnshreppi, og hreppsnefndin
hjer neitar því að viðurkenna hann
sveitlægan hjer í hreppi. Aptur á móti
virðist engum efi leika á því, að
hann eigi framfærslusveit í Sveins-
staðahreppi.

Þar sem hreppsnefndin kemst
að þessari niðurstöðu, en eigi árætta-

til að fara um kröfu hreppsnefndarinnar í Áshreppi nú enn öðrum, en samt sem áður verð jeg að geta þess, að hafi styrkurinn í fyrra skiptið, að upphæð kr. 15.76, verið veittur fyrir part síðastl. vetrar, sem helzt lítur út fyrir, þá hefur hreppsnefnd Áshrepps dregið oflengi að koma fram með kröfu sína um endurgjald á þessum styrk, til þess að geta fengið þessa upphæð endurgoldna; svo að framfærslusveit Jóhannesar Ármannssonar verður, sakir þessa dráttar, eigi skyldug til að endurgjalda styrkinn.

Að endingu skal jeg geta þess, að brjefi yðar frá 1. þ. m., er mjer barst 11. s. m. hef jeg eigi getað svarað fyr en nú, af því að jeg hef eigi náð fyr en nýlega fundi hinna hreppsnefndarmannanna, til að tala um þetta mál.

Tvö brjef hreppsnefndar Áshrepps með 1 fylgiskjali endursendast hjer með.



Brjef til oddvitans í Engihlíðarhreppi 24. okt. 1899.

Í eptirleit, sem gjörð var í haust á Auðkúluheiði eptir tilhlutun hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi, fundust 2 hross, sem Gestur í Kúskerpi átti. Hefur hann sjálfur tekið við hrossum þessum. Tjeð hreppsnefnd hefur, samkvæmt 42. gr. fjallskilareglugjörðarinnar, ákveðið, að borga skuli 3 kr. í smölunarlaun fyrir hvort þessara hrossa eða 6 kr. fyrir bæði, og leyfi jeg mjer hjer með að fara þess á leit við yður, að þjer borgið sem fyrst þessar 6 kr. úr sveitarsjóði Engihlíðarhrepps, annaðhvort í peningum til mín eða í innskript í reikning sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi við aðrahvora verzlunina á Blönduósi.

Brjef til oddvitans í Áshreppi 1. nóv. 1899

Með brjefi 17. maí síðastl. fóruð þjer fram á, að borgaður verði af sveitarsjóði Svínavatnshrepps eptirleitarkostnaður af dilká, eign Guðmundar í Holti . 6.12
og af lambi frá Gafli 2.00
en með því að tjeð dilkær var áður heimt mótmælir hreppsnefnd Svínavatnshrepps

að borga nokkuð fyrir hana, en ætlar aptur á
móti að borga fyrir lambið frá [illegible] 2 kr.

Af því að þjer vilduð ekki, samkvæmt
brjefi yðar 17. júní síðastl., taka gilda
borgun eptirleitarkostnað fyrir 2 lömb
frá Marðarnúpi, er fundust í eptirleit
á Auðkúluheiði haustið 1898, skuldar Svína-
vatnshreppur Áshreppi um fremur 4 —
þessar kr. 6.00
en því skuld Svínavatnshrepps við Áshrepp
í lok fardagaársins 1898–99

Hafi Áshreppur einhverja kröfu
til Svínavatnshrepps fyrir eptirleit síðastl.
haust, ætti sú krafa að koma sem fyrst.
Slíkar kröfur ættu ekki að dragast fram á
næsta sumar, eins og átti sjer stað með kröfuna fyrir ofan-
nefnda dilká og lamb. Sömuleiðis ættu reikn-
ingar fyrir grenjavinnslu í Kvíslum
síðastl. vor og fyrir sendimanns suður í
haust til fjárheimtinga í Fljótstungu og
Gvendarrjettum að koma sem fyrst.

Brjef til Björns Guðmundss. Marðarnúpi 1. nóv. 1899
Í fyrra haust (1898) fundust í eptirleit



á Auðkúluheiði 2 lömb, sem þjer áttuð og
virt voru bæði á 8 kr. Var eptirleitarkostn-
aðurinn ákveðinn helmingur verðs eða 4 kr.

Með því að hreppsnefnd Áshrepps
hefur mótmælt að borga af sveitarsjóði
eptirleitarkostnaðinn, af því að lömbin voru
heimanaðslappin og yður beri því að borga
hann, leyfi jeg mjer hjermeð að skora á
yður að borga sem fyrst þessar 4 kr.
annaðhvort til mín eða í innskript
í reikning Svínavatnshrepps við aðra-
hvora verzlunina á Blönduósi.

Brjef til sýslumanns Húnavatnssýslu 17. nóv. 1899
(Afgreitt) Með brjefi þessu var sýslumanni
send ávísun að upphæð 24 kr. á reikning hrepps-
ins við verzlun J. G. Möllers á Blönduósi til
Vindhælishrepps til að borga fyrir Jón Hró-
bjartsson á Gunnfríðarstöðum eptirstöðv-
ar af meðlagi hans með óskilgetnu barni
hans í Vindhælishr.

Brjef til oddvita sýslunefndar Húnav.sýslu 25. nóv.
(Afgreitt) Með brjefi þessu var undir reikn-

ingum yfir tekjum og útgjöld sveitarsjóðs
ins í Svínavatnshreppi fardagaárið
1898–99 með 53 fylgiskjölum.

Brjef til sýslumanns Húnav. sýslu 30. nóv. 1899
Eptir óskum yðar í brjefi, dags. 11. þ.m.
leyfi jeg mjer hjer með að skýra yður frá,
að hreppsnefnd Svínavatnshrepps viður-
kennir Ingiríði þá Illugadóttur, sem
tjeð brjef ræðir um, sveitlæga í Svína-
vatnshreppi.
Fylgiskjölin, 5 að tölu, er fylgdu tjeðu
brjefi yðar, endursendast hjer með.

Brjef til sýslumannsins í Húnav.s. 20. des 1899.
Með brjefi dagsettu 11. þ.m. skoruð þjer á
mig að gefa yður upplýsingar um efna-
hag og ástæður Gísla Gíslasonar, lausa-
manns hjer í hreppi, með því að hrepps-
nefnd Bólstaðarhlíðarhrepps hefur farið
þess á leit, að amtið úrskurði meðlag með
2 óskilgetnum börnum hans.
Gísli þessi er auðnuleysingi og óreiðu-
maður, sem getur eigi verið í vist, en



vinnur á vorin, ef hann getur fengið atvinnu,
og um sláttinn, en flakkar hina tíma árs-
ins. Auk ofannefndra 2 barna, á hann
1 óskilgetið barn, dreng, líklega 6 ára, Sigur-
jón að nafni, sem er undir ráðstöfun hrepps-
nefndar Bólstaðarhlíðarhrepps, af því að
móðirin er þar sveitlæg. Með amtsúr-
skurði frá árinu 1897 að jeg held, hefur
honum verið gert að skyldu, að greiða 60 kr.
á ári með því barni. Af því að hann
er hjer sveitlægur og hann getur ekki sjálfur
borgað fúlgu þessa, hefur hreppsnefndin
hjer orðið að borga af sveitarsjóði fúlg-
una til Bólstaðarhlíðarhrepps, án þess
að hafa fengið nema nokkuð af henni end-
urborgað hjá Gísla, en með barni
þessu eru alls borgaðar 75 kr. á ári, svo
að fúlgan er 4/5 af öllu ársmeðlaginu.
Þar sem efnahagur og ástæður
Gísla þessa eru svo sem jeg hef frá
skýrt, þá væri full ástæða til að lækka
~~þessa~~ tjeða 60 kr. fúlgu, enda hefur hann
beðið mig að fara þess á leit, að það
yrði gert. — Fyrir því leyfi jeg mjer

þarti fyrir hönd Gísla Gíslasonar og fyr-
ir hönd hreppsnefndar Svínavatnshrepps
að fara þess á leit við yður, að þjer hlut-
ist til um, að þessi 60 króna fúlga
verði færð niður um helming að minsta
kosti; um leit og Gísli verður úrskurð-
aður til að greiða meðlag með hinum
börnum sínum.

Brjef til oddvita sýslunefndar Húnav.s. 5. jan 1900.
(Ágrip) Með brjefi þessu var sendur reikn-
ingur yfir tekjur og gjöld vegarsjóðsins
í Svínavatnshreppi 1899.

Brjef til sýslumanns Húnavatnssýslu 5. jan 1900.
(Ágrip) Með brjefi þessu send:
1° Skýrsla um grenjaleitir og grenja-
vinnslu í Svínavatnshreppi 1899.
2° Skýrsla um heilbrigðisfar manna
í Svínavatnshreppi árið 1899.

Brjef til Jóns Jónssonar á Húfi í Vatnsdal 10. jan 1900.
Með brjefi dags. 1. f. m. farið þjer
fram á, að borgaðar verði af sveitarsjóði



Svínavatnshrepps til yðar og 2 annara
manna kr. 37.58 fyrir fje og hross, sem
þjer ásamt þessum 2 mönnum fundust
í eptirleit á Grímstungu- og Hauka-
gilsheiðum síðastl. haust.
Jeg hef sannfrjett, að einn gangna-
maður úr Áshreppi hafi í fyrstu göngum
í haust van týnt allmörgum kindum,
þar á meðal eigi allfáum kindum hjeð-
an úr hreppi, og að það hafi einmitt
verið þær kindur, sem fundust í tjeðri
eptirleit. — Úr því að svona stóð á,
átti hreppsnefnd Áshrepps ekki að leyfa
áðurnefnda eptirleit, heldur hefði hún átt
að skipa þriðju göngur á heiðarnar sam-
kvæmt 17. gr. fjallskilareglugjörðarinnar,
því að hjer var eigi að eins „grunur"
um, heldur einnig vissa fyrir, að fje
hafi orðið eptir á afrjettum. Eptir
þessu átti að borga af sveitarsjóði Áshrepps
meira eða minna af áðurnefndum kr. 37.58,
eða ef til vill alla þessa upphæð.
Það getur því ekki komið til mála
að borga af sveitarsjóði Svínavatnshrepps

allt það, sem hjer gerið kröfu til, og mót-
mælir hreppsnefndin hjer að gera það.
Til máls miðlunar og samkomulags
leggur hún það þó til, að þetta mál
verði lagt undir úrskurð sýslu-
nefndarinnar samkvæmt 59. gr. fjall-
skilareglugjörðarinnar.

Ef þeir 3 eptirleitarmennirnir
vilja það, væntir hún að leggja það
undir úrskurð sýslunefndarinnar,
og þarf þá auðvitað einnig að fá til þess
samþykki hreppsnefndar Áshrepps.

En vilji þeir eptirleitarmenn
ekki leggja þennan ágreining undir úr-
skurð sýslunefndarinnar, megið þjer
búast við, að hreppsnefnd Svínavatns-
hrepps kjósi fremur, að þeir lögsæki
hana, til að reyna að ná kröfu ykkar,
heldur en ódæmd að borga nokkuð af henni.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 27. jan. 1900.
Með því að enn er óborguð fúlga Sigurbjörns Guðmunds-
sonar með óskilgetnu barni hans Helgu Guðbjörgu,
sem framfærist hjer í sveit 30 kr. sem fjellu í



gjalddaga 14. maí og 14 nóv 1898 (samanber brjef
oddvitans hjer í hreppi til yðar 16. maí 1898 og
12. jan. 1899) og 30 kr. sem fjellu í gjalddaga
14. maí og 14. nóv. 1899 eða alls 60 - sextíu -
krónur — þá leyfi jeg mjer hjermeð að fara
þess á leit við yður, að þjer hlutist til um að
þessar 60 kr. verði tafarlaust greiddar af
framfærslusveit Sigurbjörns Guðmundssonar
Ljósavatnshreppi til sveitarsjóðsins í Svína-
vatnshreppi.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 27. jan. 1900.
Með brjefi 4. des. 1897 og brjefi 11. júlí 1898 og brjefi 12. jan. f. á.
hefir oddvitinn hjer í hreppi farið þess á leit við yður, að
hlutast til um, að tekin verði lögtaki hjá járnsmið Eyjólfi
Illugasyni í Hafnarfirði fúlga sú, sem honum með
amtsúrskurði 22. júlí 1897 er gjört að skyldu að greiða
með föður sínum Illuga Ásmundssyni, sem framfærist
af fátækrafje Svínavatnshrepps. Fúlga þessi er ákveðin
40 kr. á ári; eiga 20 kr. að greiðast 1. júlí en 20 kr. 1. jan.
ár hvert, og átti fúlgan í fyrsta skipti að greiðast 1. júlí
1897. Af fúlgu þessari hefir en ekki verið greitt til sveit-
arsjóðsins í Svínavatnshreppi nema 40 kr. eða það, sem
fjell í gjalddaga 1. júlí 1897 og 1. jan. 1898, og er því

nú ógreitt það, sem í gjalddaga fjell:

| | |
|---|---|
| 1. júlí 1898 | kr. 20.aa |
| 1. jan. 1899 | — 20.aa |
| 1. júlí s. á. | — 20.aa |
| 1. þ. m. | — 20.aa |
| Samtals | kr. 80.aa |

Jeg leyfi mjer því hjermeð að fara þess á leit við yður, að þjer hlutist til um að framangreindar 80 — átta tíu-krónur verði teknar lögtaki hjá tjeðum Eyjólfi Illugasyni og mjer sent það við fyrsta tækifæri.

En náist ekki þetta allt, eða ekkert af því, leyfi jeg mjer að mælast til, að þjer á sínum tíma tilkynnið mjer það.

Brjef til sjera Stefáns M. Jónssonar á Auðkúlu 27. jan. 1900

Sem svar uppá brjef yðar af 8. þ. m. til oddvitans hjer í hreppi, leyfi jeg mjer hjermeð að tjá yður, að samkvæmt 42. gr. fjallskilareglugjörðarinnar álít jeg, að ekki sje heimild til að borga af sveitarsjóði Svínavatnshrepps björgunarlaun fyrir kyppi þau, sem umgetið brjef yðar ræðir um, fyrri en hreppsnefnd Áshrepps hefir metið björgunarlaunin.

(Þetta brjef var dagsett 6. febr. 1900 og lítið eitt öðruvísi orðað.)



Brjef til Sigurbjargar Jónsdóttur á Höllust. 6. febr. 1900 (ágrip)

Brjef þetta var svar uppá brjef hennar til hreppsnefndarinnar viðvíkjandi Guðmundi Hinrikssyni, og var aðeins útdráttur úr Gjörðabók hreppsnefndarinnar.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 20. febr. 1900.

Hreppsnefndin í Svínavatnshreppi hefur samþykkt að fela yður, samkvæmt lögum 4. júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða 4. gr. og lögum 26. febr. 1898 um sjerstakt gjald til brúargjörða 3. gr., að innheimta sýslusjóðsgjald og brúargjald það, sem í ár ber að greiða úr sveitarsjóði tjeðs hrepps.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, leyfi jeg mjer að mælast til þess, að þjer látið mig sem fyrst vita hve miklum upphæðum gjöld þessi nema, til þess að hreppsnefndin geti jafnað þeim niður á hreppsbúa og fyrir hvern tíma, þjer viljið fá frá nefndinni niðurjöfnun gjalda þessara.

Brjef til sýslum. í Húnavatnss. 28. febr. 1900 (ágrip)

Með brjefi þessu var send „skýrsla um gjaldendur til styrktarsjóðs handa alþýðufólki í Svínavatnshreppi árið 1900.

Brjef til sýslum. í Húnavatnss. 8. marz 1900.

Með brjefi dagsettu 15. f. m. hafið þjer velborni herra sýslumaður, sent mjer brjef oddvitans í Sveinsstaðahreppi, snertandi sveitfesti Jóhanns Ármannssonar ásamt ýmsum öðrum skjölum sama efnis.
Þessu brjefi oddvitans í Sveinsstaðahreppi, sem í aðalatriðum er umsögn um brjef oddvitans hjer í hreppi til yðar dagsett 21. okt. f. á. áhrærandi sveitfesti Jóhanns Ármannssonar, vil jeg hjermeð reyna að svara, að því leyti, sem jeg álít að það geti orðið máli þessu til skýringar.

Í nefndu brjefi heldur oddviti Sveinsstaðahrepps því aðallega fram, að Jóhann Ármannsson hafi verið í löglegri dvöl á Svínavatnshreppi 9 ár samfleytt og að mestuleyti 10 unda árið. Þessa skoðun sína byggir oddvitinn ~~á því~~ sumpart á framburði Jóhanns sjálfs, og svo á því, að Jóhann hafi aldrei verið kærður fyrir ólöglega húsmensku í hreppnum. Oddvitinn virðist einkum byggja skoðun sína á framburði Jóhanns, viðvíkjandi dvöl hans á Tindum árið 1896–97. Það er því þess vert að athuga framburð Jóhanns:

1. í skriflegri skýrslu hans, sem hann hefir gefið hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps eptir ósk hennar, og



2. í skýrslu þeirri, sem hann gaf fyrir rjetti 28. des. f. á.

Í skýrslu sinni til nefndarinnar segir Jóhann meðal annars, að svo hafi verið um talað milli sín og Tindabændanna, að hann yrði heimilisfastur á Tindum árið ~~eptir~~ 1896–97, og að hann inni þeim; en fyrir rjetti 28. des. f. á. sleppir hann þeirri staðhæfingu, enda hefir það víst verið rjettara, samanber framburð Tindabændanna fyrir rjetti 23. jan. þ. á., sem eru samhljóða og sanna hið gagnstæða.

Jóhann segir fyrir rjetti að hann hafi unnið allt sumarið 1896 hjá Tindabændunum, en segir síðar fyrir sama rjetti, að hann hafi heyjað fyrir sjálfan sig að nokkru leyti fyrir hrossi. Þessi mótsögn, með hliðsjón af framburði þeirra Tindabændanna Eyþórs Benediktssonar og Jóns Jónassonar, sanna það fyllilega að Jóhann Ármannsson hefir ekki haft gott minni fyrir rjettinum.

Ennfremur segir Jóhann í skýrsl sinni til nefndarinnar, að hreppstjóri hafi aldrei komið að flytja sig fátækraflutningi. Þetta er ekki í samræmi við vottorð hreppstjórans í Svínavatnshreppi dagsett 21. okt. f. á., sem einmitt staðfest-

út við framburð Eyþórs Benediktssonar. Ef jeg áliti að orð Jóhanns gætu sannað nokkuð, þá mundi jeg segja að þessi staðhæfing hans sannaði það að hann hafi verið rekinn alfarinn frá Tindum þó nokkru fyrir veturnætur haustið 1896.

Þá hefir oddvitinn eptir Jóhanni, sem munnlega sögn, að hann hafi aldrei sótt um húsmennskuleyfi í Svínavatnshreppi vorið 1896, en fyrir áður umgetnum rjetti játar hann að hafa sagt við hreppsnefnd Svínavatnshrepps „þá vænti jeg að þið viljið ekki leyfa mjer verustað í hreppnum" og segir sig minna að gengið hafi verið til atkvæða um það. Um hvað gat hann verið að sækja til hreppsnefndarinnar viðvíkjandi dvöl hans í hreppnum, nema um húsmennskuleyfi? Annað gat það ekki verið; enda ber „Gjörðabók hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi það með sjer, að Jóhann Ármannsson hefir þar sótt um húsmennskuleyfi vorið 1896, og að nefndin hefir neitað honum um það, einsog oddvitinn hjer í hreppi getur um í áðurnefndu brjefi sínu 21. okt. þ. á.

Sögnin Jóhanns Ármannssonar í þessu máli, er þannig yfirleytt svo á reyki og ósamhljóða



að hreppsnefnd Svínavatnshrepps heldur því fast fram, að ekkert sje á þeim byggjandi. Heldur beri sjerstaklega að byggja á framburði Tindabændanna um dvöl Jóhanns á Tindum árið 1896–97.

Aðalatriði þessa máls, virðist vera það hvort dvöl Jóhanns á Tindum árið 1896–97 geti talist, sem 10unda ár hans í lögleyfðri dvöl í Svínavatnshreppi þá samfleytt. Það sem fyrst er að athuga við það, er það að strax um vorið í ársbyrjun, þegar Jóhann biður þá Tindabændur um húsmennsku þar, þá neita þeir því báðir, samanber framburð þeirra fyrir rjetti 23. jan. þ. á. Að vísu ílengdist hann á Tindum um sumarið, sem sumpart hefir stafað af því, eptir því, sem báðir Tindabændurnir hafa borið fyrir rjetti, að hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps, hefir verið að reyna að nota þeim til að láta Jóhann hafa heimilisfestu þar árið yfir.

Brjef Eyþórs Benediktssonar og Jóns Jónssonar dagsett 21. júlí 1896 sannar einmitt hið sama að þeir alls ekki hafi viljað hafa Jóhann Ármannsson þetta umrædda ár. Drátturinn

inn á að koma Jóhanni burtu, getur það alls ekki talist sem samþykki þeirra á veru hans þar, heldur aðeins sem biðlund á meðan á ~~þá stað~~ verið var að koma því í kring, að hann yrði fluttur fátækraflutningi, sem var fyrst samþykkt með vegabrjefi dagsettu 9. sept. 1896.

Þá leitast oddviti Sveinsstaðahrepps við að sanna að það hafi enga þýðingu að sýslumaður hafi gefið út vegabrjef fyrir Jóhann Ármannsson og fylgikonu hans, og færir þar ástæður fyrir því, að sýslumaður hafi eingöngu haft sögusögn oddvitans í Svínavatnshreppi um það að Jóhann væri þá ósjálfbjarga. Þessi röksemd er því einkennilegri, sem oddvitinn optar en einusinni, einmitt síterar í brjef þeirra Tindabændanna til oddvita Svínavatnshrepps, þar sem þeir kvarta sjerstaklega yfir dvöl ~~hans~~ Jóhanns þar vegna fátæktar hans.
Af samhljóða framburði þeirra Tindabænda er það líka sannað, að þáverandi sýslumaður hafi á engjaslætti þetta umrædda sumar komið að Tindum einmitt til að grenslast eptir ástæðum Jóhanns, og hefir hann þá fengið fullnægjandi sönnun fyrir ósjálfstæði Jóhanns, bæði hvað heimilisfestu snerti, og



eins ~~hvað~~ í efnalegu tilliti.

Þess ber einnig að geta að sýslumaður getur þess í brjefi til oddvita Svínavatnshrepps dags. 9. sept. 1896, að hann hafi fengið viðurkenningu fyrir sveitfesti Jóhanns Ármannssonar í Sveinsstaðahreppi. Að vísu neitar oddvitinn því, að sýslumaður hafi fengið slíka viðurkenningu frá Sveinsstaðahreppi, nema að hann væri fæddur þar. En á þeim tíma var heldur enginn vafi á að hann ætti Sveinsstaðahrepp og því ekki nema eðlilegt og víst að oddviti Sveinsstaðahrepps hafi viðurkennt hann og sýslumaður því í fullum rjetti gefið út vegabrjefið.

Í sambandi við þetta getur oddviti Sveinsstaðahrepps þess, að Jóhann hafi ekki kvartað til hreppsnefndar Svínavatnshrepps, heldur þvert á móti óskað mjög innilega, að hún vildi láta sig alveg afskiptalausan.
Fyrir rjetti 28. des. f. á. hefir Jóhann óbeinlínis sannað hið gagnstæða, nefnilega það, að hann hafi leitað til nefndarinnar með heimilisfestu, sem hann þá ekki fjekk; en þegar hann sá sig í heimildarleysi á Tindum, þá var ekki

nema edlilegt, ad hann óskadi ádur fremur, ad hann væri látinn afskiptalaus bædi af hreppsnefndinni og ödrum.

Þá þeir oddvitinn, sem sönnun fyrir sjálfstædi Jóhanns, ad „hann var sjálfur heylingódur og notagott hjú". En þad sama er ad madurinn var fatladur, kominn um sextugt og hafdi um mörg undanfarin ár, þótt mjög lidlítill til vinnu

Hreppsnefnd Svínavatnshrepps álítur þvi fullsannad ad dvöl Jóhanns Ármannssonar á Tindum sumarid 1896 hafi adeins verid, sem naudungar dvöl fyrir ábúendurnar á Tindum á medan á því stód ad fá hann fluttan [þ]á fátækra flutningi, sem alls ekki beri ad telja, sem lögslega dvöl hans þar; er geti haft þad gildi, ad hann þessvegna hafi áunnid sjer framfærslurjett í Svínavatnshreppi.

Eptir framburdi Kristófers Jónssonar í Kölduskinn fyrir rjetti 23. jan. þ. á. virdist enginn efi á því, ad Jóhann Ármannsson hafi miklu fremur átt heimili þetta umrædda ár í Kölduskinn heldur enn á Tindum, því eptir beidni sinni í rjettum um haustid, fjekk hann leyfi til ad vera í Kölduskinn



hvenær, sem hann vildi, og þad notadi hann sjer líka frá því um haustid, og til fardaga vorid eptir; þó hann ad vísu hvarfladi dálítid frá vid og vid, þá hjelt hann algjörlega til í Kölduskinn allan þennan tíma. Þar dróg hann ad matbjörg handa sjer til vetrarins, og tók svo vinnu bædi af mjer og ödrum, sem hann vann þar heima. En á Tindum hafdi hann aldrei leyfi til ad dvelja neitt af þessu umrædda ári; og ad álita ad hann hafi áunnid sjer framfærslusjett í Svínavatnshreppi, med dvöl sinni á Tindum þetta umrædda ár, virdist algjörlega ósamrímanlegt vid skodun þá, sem lýsir sjer í landsh. br. í B deild stj. tíd. 1886. bls: 85.

Ennfremur álítur oddviti Sveinsstadahrepps þad ástædu, er sjerstaklega ætti ad taka til greina í máli þessu, ad þáverandi oddviti Svínavatnshrepps hafi misbeitt stödu sinni gagnvart Jóhanni og þeim Tindabændunum. En hvad hefir svo oddviti Svínavatnshrepps til saka unnid? Þad ad hann tilkynnir Tindabændunum ad Jóhann Ármannsson hafi sótt til hreppsnefndarinnar um húsmennskuleyfi í hreppnum, og ad nefndin hafi neitad honum um þad, og bendir þeim jafnframt á, ad þar sem ad Jóhann þrátt fyrir neitun hreppsnefndarinnar verdi í hús-

mennsku í hreppnum, þá geti það varðað bæði hann og húsbónda hans sektum. En þetta var ekki nema eðlileg og bein afleiðing af því, að nefndin áleit Jóhann í ólöglegri dvöl í hreppnum, sem hún ekki ætlaði sjer að líða. Það var því ekki nema sjálfsagt að aðvara þá í tíma.

Ef þetta væri vítavert, hvað skyldi þá mega segja um það, að reyna að bera fje á menn, til að fá þá til að hjálpa til að gjöra þurfaling sveitlægann í einum eða öðrum hreppi, einsog sannað virðist að hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps hafi gjört í þessu máli.

Af þeim ástæðum, sem þegar eru framteknar, heldur hreppsnefnd Svínavatnshrepps því fast fram að þrátt nefndur Jóhann Ármannsson geti alls ekki átt framfærslurjett í Svínavatnshreppi, en í Sveinsstaðahreppi hafi hann alltaf verið og sje enn sveitlægur, og beri því að úrskurða þann hrepp skildan til að annast framfærslu Jóhanns Ármannssonar að öllu leyti ~~framvegis~~.

Skjöl málsins 17 að tölu endursendast hjermeð.



Brjef til Björns Guðmundssonar á Marðarnúpi 18. ap. 1900.

Með brjefi dagsettu 1. nóv. f. á. hefir þáverandi oddviti Svínavatnshrepps skorað á yður, að borga 4 — fjórar — krónur, sem þjer skulduð sveitarsjóði Svínavatnshrepps fyrir 2 lömb, sem fundust í eftirleit haustið 1898, en þar þjer enn ekki hafið borgað þessar 4 krónur, þá leyfi jeg mjer hjermeð að skora á yður að borga þær til mín hið allra fyrsta; ef jeg ekki hef fengið annaðhvort borgun á þessum krónum eða eitthvert svar frá yður fyrir 5. dag maím. n. k., þá tek jeg það, sem neitun frá yðar hendi, og neyðist þá til að krefja þetta inn á annan hátt.

Brjef til oddvita Þorkelshólshrepps 18. ap. 1900.

Með brjefi dagsettu í febrúarm. þ. á., hafið þjer herra hreppsnefndaroddviti krafist þess að af sveitarsjóði Svínavatnshrepps verði borgað til Lárusar Elíeserssonar í Lækjarkoti kr. 6.98, er sjeu fundarlaun fyrir 3 kindur úr Svínavatnshreppi, er nefndur Lárus hafi í síðastl. nóvemb. m. fundið í svokallaðri Dagsflá á Víðidalstunguheiði. En þar, sem nefnd krafa yðar ber það ekki með sjer að öll hreppsnefnd Þorkelshólshrepps eða að minnsta kosti meiri hluti hennar, hafi fyrirfram veitt Lárusi þessum eftirleitarleyfi, þá neitar hreppsnefnd Svínavatnshrepps

að borga kröfu þessa þar til full sönnun er fengin fyrir því, að svo hafi verið, og verðið þjer því að senda mjer vottorð með undirskrift að minnstakosti meirihluta nefndarinnar, um það að hún hafi fyrir fram veitt þetta umrædda eptirleitar leyfi, að öðrum kosti verður upphæð þessi ekki útborguð.

Brjef til sýslum. Húnavs. 18. ap. 1900 (ágrip)
Með brjefi þessu var send niðurjöfnun sýslusjóðsgjalds og brúargjalds þess, sem greiða ber í sveitarsjóði Svínavatnshrepps, og sem hreppsnefndin hefir jafnað niður, en falið svo sýslumanni að innheimta það.

Brjef til sýslum. í Húnavs. 29. ap. 1900 (ágrip)
Með brjefi þessu var send kjörskrá fyrir Svínavatnshrepp gildandi frá 1. júlí 1900 til 30. júní 1901.

Brjef til oddvitans í Torfalækjarhreppi 20. okt. 1900.
Samkvæmt innkomnum og samþykktum reikningum, hefur refaveiða kostnaður í Svínavatnshr. þardaga árið 1899–1900 orðið samtals 83 kr. 90 aurar En samkvæmt brjefi yðar frá 18. þ. m. hefur refa-



veiða kostnaður í Torfalækjarhreppi sama ár orðið kr. 44.70 samtals því í báðum hreppunum kr. 128.60 þar af ber Svínavatnshreppi að borga 2/3 eða kr. 85.73 en Torfalækjarhreppi 1/3 eða kr. 42.87. Ber því Torfalækjarhreppi að fá endurborgað frá Svínavatnshreppi af nefndum refaveiða kostnaði 1 kr. 83 aura.

Óskilafjár verð í Svínavatnshreppi haustið ~~haustið~~ 98 kr. 6.03
Hryssuverð sama ár . . . . . – 51.52
Ómerkinga verð haustið 1899 . . . . – 6.62
samtals Kr. 64.17

Samkvæmt áður nefndu brjefi yðar, hefur ekkert óskilafjárverð fallið til í Torfal. hr. haustið 1898, en ómerkinga verð haustið 1899 hefur numið kr. 5.00
Óskilafjárverð 98 og ómerkingav. 99 í báðum hr. því samtals Kr. 69.17
þar af ber Torfal. hr. 1/3 eða . . . . Kr. 23.06
en Svínavatnshr. 2/3 eða – 46.11
Á því Torfalækjarhr. að fá endurborgað frá Svínavatnshr.
af óskilafjár og ómerkingaverði kr. 18.06
og af refaveiða kostnaði einsog áður er framtekið – 1.83
eða samtals Kr. 19.89.

Samkvæmt úrskurði sýslufundar á fyrra ári reikningum á sveitarsjóður Svínavatnshrepps að fá frá Torfalækjarhreppi af óskilafjárverði haustið 1896, 31 kr. 73 aura. Af þessari

upphæð ávísað sveitarsjóði Torfalækjarhrepps
ofannefndar kr. 19.89.
Er þá óborgað frá Torfal.hr. til Svínav.hr. kr. 11.84.
Þessar 11 kr. 84 aurar áskast skrifað inn á
reikning Svínavatnshrepps við aðra hvora
verzlunina á Blönduósi hið allra fyrsta.

Brjef til oddvita sýslunefndar Húnavs. 30 nóv. 1900. (ágrip.)
Með brjefi þessu var sendur reikningur yfir tekjur
og útgjöld sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi fardaga
árið 1899 – 1900 með 60 fylgiskjölum.

Brjef til oddvita sýslunefndar Húnavs. 31. des. 1900 (ágrip)
Með brjefi þessu var sendur reikningur yfir tekjur og
gjöld hreppsvegasjóðsins í Svínavatnshreppi almanaks
árið 1900 með 5 fylgiskjölum.

Brjef til Sigurbjargar Jónsdóttur á Höllustöðum 21. jan. 1901.
Eins og yður er kunnugt hjelt hreppsnefnd Svínavatnshrepps
fund á heimili yðar Höllustöðum laugardaginn 19. þ. m.
til þess að ræða um brjef yðar til hreppsnefndarinnar
dagsett 4. des. f. á. þar sem þjer kvartið yfir að útsvar
yðar ~~sje~~ í haust sje of hátt í samanburði við suma
aðra gjaldendur sveitarinnar, og krefjist þess að



hreppsnefndin færi þessa árs útsvar yðar niður um 7 krónur,
en með því þjer hvorki á hann yðar nje á nefndinn fundi
komuð með nokkrar þær upplýsingar, sem bentu á að
nefnt útsvar yðar sje of hátt í samanburði við útsvör
manna þeirra, er þjer nefnið í áðurgreindu kærubrjefi
yðar, þá finnur hreppsnefndin ekki ástæðu til að færa
útsvar yðar niður, og ekki heldur að færa upp útsvör
samanburðarmanna yðar.
Þetta gefst yður hjermeð til vitundar.

Brjef til sýslum. í Húnavatnssýslu 30. marz 1901 (ágrip)
Með brjefi þessu var send skýrsla um gjaldendur
til styrktarsjóðs handa alþýðufólki í Svínavatns
hreppi árið 1901.

Brjef til sýslum. í Húnavs. 30. ap. 1901 (ágrip)
Með brjefi þessu var send kjörskrá gildandi frá
1. júlí 1901 til 30. júní 1902.

Brjef til sýslum. í Húnavs. 20. ap. 1901.
Til svars uppá brjef yðar frá 28. des. f. á. ásamt
meðfylgjandi erindi oddvitans í Bólstaðarhl.hrepp
dagsett 5. s. m., skal þess getið að hreppsnefnd Bólstaðarhl.
hrepps hefur aldrei formlega neitað að borga þar

umræddann eptirleitar kostnað, sem hreppsnefnd
Svínavatnshrepps ávísaði uppí meðlag með barni
Gísla Gíslasonar; aðeins mun Guðmundur í
Mjóadal hafa getið þess í privat brjefi til Þorleifs
Jónssonar, sem þá var oddviti Svínavatnshr.
að hreppsnefnd Bólstaðhlhr. teldi vafasamt hvort
hún væri skildug til að borga umræddan eptir-
leitar kostnað, en hreppsnefnd Svínavatnshrepps
verður enn að álíta engan efa á því.

Oddviti Bólst.hl.hrepps segir í brjefi sínu,
að Jón bóndi á Brún, sem umræddar kindur
átti, hafi notað hálfa jörðina Eldjárnsstaði
til ábúðar þetta umrædda ár, en Jón neitaði
því sjálfur þá um haustið að hann notaði
hana að nokkru, enda sjest það af búnaðar-
skýrslunum frá því ári að Halldór Halldórs-
son er talinn ábúandi á öllum Eldjárnsstöðum.
Svo ekki getur sveitarsjóður Bólst.hl.hrepps
verið undan þeginn að borga þetta fyrir það
að Jón hafi þá einnig verið búandi í Svínav.hr.

Hvað viðvíkur þeirri aðdróttun oddvitans að
kláðanefndar kindur hafi hafi verið teknar í
búfjárhögum Blöndælinga, þá munu eptirleitar-
mennirnir ef krafist verður sanna það með



eiði að þær hafi ekki verið í heimalandi, heldur
í heiðarlandi svo norðarlega sem væri, en á því gjöra
fjallskilareglugjörðir engan mismun hvar í
afrjettum kindur finnast, ef þær aðeins finnast
í löglega stofnaðri eptirleit; og meira að segja hún
jafnvel heimilar eptirleitir í víðlend heimalönd.

Ef nú hreppsnefnd Bólst.hl.hrepps mót von
vill halda því fram, að neita að borga umrædda
eptirleitar kostnað, þá mun hreppsnefnd Svínavatnshr.
borga þessar 14 kr. 50 a., sem hreppsnefnd
Bólst.hl.hr. telur að eptirstandi af umræddu
barnsmeðlagi, en jafnframt má hún þá eiga
víst að hreppsnefnd Svínav.hr. lögsæki hana
um optnefndan eptirleitar kostnað.

Ef hreppsn. Bólst.hlhr. hefði látið svo lítið
að skrifa hreppsn. Svínav.hr. ~~og~~ leita sam-
komulags um málið, þá mundi hún
hafa verið fús til samninga, og enn mundi
hreppsnefnd Svínav.hr. ekki ófáanleg að ganga
inná einhverja miðlun, af því hún álítur
allan hreppaníg óheppilegann og illa viðeigandi,
því þar, sem ósamkomulag er á milli hreppa
þá má búast við að hverjir gjöri öðrum svo
örðugt fyrir, sem þeir geta, öðrum til

skaða en sjálfum sjer til lítils ábata, í stað
þess að sveitarfjelög ættu að vinna hvert að
annars heill eins og limir á sama líkama

Brjef til sýslum. í Húnav.s. 1. maí 1901. (ágrip)
Með brjefi þessu var send niðurjöfnun sýslusjóðsgjalds
og búnaðarsjóðsgjalds þess, sem greiða ber af sveitar-
sjóði Svínavatnshrepps fardaga árið 1900–1901, og
sem hreppsnefndin hefur jafnað niður, en
falið sýslumanni að innheimta það.
Sýslusjóðsgjaldið er 35% af útsvörum þeirra, sem
tíunda en búnaðarsjóðsgjaldið er 2.6% af þeim.

Brjef til sýslum. í Húnav.s. 1. maí 1901.
Af meðlagi þeirri, sem Sigurbirni Guðmundssyni
er með amtsúrskurði 16. marz 1895 gjört að skyldu
að greiða með óskilgetnu barni sínu Helgu Guð-
björgu, sem framfærist hjer í sveit, eru nú
óborgaðar 30 kr., sem fjellu í gjalddaga 14. maí
og 14. nóv. f. á. Treysti jeg mjer því hjermeð að fara
þess á leit við yður að þjer hlutist til um
að þessar 30 – þrjátíu – krónur verði hið allra
fyrsta greiddar af framfærslusveit Sigurbjörns
Guðmundssonar Skorravatnshreppi, til sveitar-



sjóðsins í Svínavatnshreppi.

Brjef til sýslum. í Húnav.s. 17. júlí 1901.
Brjefi yðar af 8 þ. m. um sveitfesti stúlkunnar Magdalenu
Sveinsdóttur, svarast svo: Að svo komnu getur hrepps-
nefnd Svínavatnshrepps ekki viðurkennt hana
sveitlæga í Svínavatnshreppi, af þeim ástæðum
fyrst og fremst, að þó hún sje sögð fædd í Holta-
staðareit, þá hefur hreppsnefndin engar sannan-
ir fyrir að svo sje, en um það ætti að mega
fá upplýsingar hjá prestinum í Höskuldsstaða
prestakalli, þar sem Holtastaðareitur mun alltaf
hafa verið talinn í Holtastaðasókn.
Í öðru lagi hefur hreppsnefnd Svínavatns-
hrepps álitið að Holtastaðareitur tilheyrði
Engihlíðarhreppi, en ekki Svínavatnshreppi,
og þessvegna ekki lagt nein sveitargjöld á
þá, sem þar hafa dvalið, og þar, sem hann
er ekki með neinu sjerstöku hundraðatali,
en er partur af Holtastaðalandi, þá virðist
að þeir, sem í Holtastaðareit dvelja, sjeu
heimamenn Holtastaðabóndans, og þarafl-
eiðandi eiga heima í Engihlíðarhreppi;
enda er hreppsnefnd Svínavatnshrepps

og fleirum það fullkunnugt, að Holtastaðabóndinn hefur haft allar nytjar af optnefndum Holtastaðareit, en aldrei greitt nein gjöld til Svínavatnshrepps, en sem hann að líkum verður skildur til, ef land þetta tilheyrði Svínavatnshrepp.
Fylgiskjölin endursendast hjermeð.

Umb. br. 27. ágúst 1901 (sent í hermulagi)
Sýslumaðurinn hefur með brjefi 8. þ. m. tilkynnt mjer að styrkur sá af Alþýðustyrktarsjóðnum, sem í ár kemur til úthlutunar hjer í hreppi, sje að upphæð Kr. 22.28.
Þeir, sem vilja fá styrk þennan verða að hafa sent skriflega beiðni um það til hreppsnefndarinnar fyrir lok nóvembermánaðar og skulu í beiðni þeirri vera upplýsingar um að styrkbeiðandi hafi rjett til að njóta styrksins.
Reglur um úthlutun styrks þessa eru í Stj. tíð. B. 1900 bls 212–213.

Brjef til oddvita Torfal. hr. 23. okt. 1901.
Samkvæmt brjefi yðar herra hreppsnefndaroddviti af 19. þ. m., hefur refaveiða kostnaður í Torfal. hr. árið 1900–1901 numið samtals . . Kr. 34.85



en hjer í hreppi hefur refaveiða kostnaður samkvæmt innkomnum og úrskurðuðum reikningum, þetta sama ár numið Kr. 25.50; refaveiðakostnaður því samtals í báðum hreppunum Kr. 60.35
Þaraf ber Torfalækjarhr. að borga 1/3 eða — 20.12
og hefur því lagt út, sem hann á að fá endurborgað frá Svínav. hr. Kr. 14.73.
Óskilafjárverð haustið 1899, og ómerkingaverð haustið 1900, hefur samkv. brjefi yðar orðið í Torfalækjarhreppi . . . Kr. 13.15
En í Svínavatnshreppi hefur það hvorttveggja samkvæmt skýrslu hreppstjóra numið Kr. 64.79
samtals Kr. 77.94
Þaraf ber Torfalækjarhr. 1/3 eða ~~kr. d.~~ – Kr. 25.98
og á því að fá frá Svínav. hr. af óskilafjárverði Kr. 12.83
uppí refaveiðakostnað . . . — 14.73
Í fyrrahaust reiknaði jeg Torfalækjarhr. til útgjalda óskilafjárverð úr Torfal. hr. frá árinu 1896, þá var ekki víst hvar þessi upphæð stæði en síðan hefur upplýst að hún muni standa hjá fyrverandi oddv. Svínavatnshr. og hefur hann lofað að borga hana til Svínav. hr. og þarf því þessi upphæð nú Torfal. hr. til tekna Kr. 31.73
flyt 59.29

Flutt kr. 59.29

þessa upphæð endurborgar Svínavatnshr. þannig:
Skuld Torfal.hr. við Svínav.hr. samkv. brjefi mínu
frá 24. okt. þ. á . . . . . kr. 11.84
Uppboðsskuld yðar við ómerkingauppboð
í Kúlurjett í fyrra haust . . — 19.65
og hjermeð bið jeg verzlunarstjóra P. Sæmundsen
á Blönduósi að borga og færa Svínav.
hreppi til útgjalda . . . 27.80 59.29

Brjef til Erlendar Hallgrímssonar á Mosfelli 26. nóv. 1901.
Á hreppsnefndarfundi 23. þ. m. hefir hreppsnefnd
Svínavatnshrepps kosið yður til að hafa eftirlit
með hreinsun hunda af bandormum í Auðkúlu-
sókn; á sama fundi voru þeir ~~kosnir~~ Pálmi
Jónsson á Ytrilöngumýri og Jón Hróbjartsson á
Gunnfríðarstöðum kosnir til sama starfa í
Svínavatnssókn. Þetta tilkynnist yður hjermeð.

Samadag voru þeim Pálma á Löngumýri og
Jóni á Gunnfríðarstöðum skrifuð samhljóða brjef.

Brjef til oddvita sýslun. Húnavs. 1901 (ágrip)
Með brjefi þessu var sendur reikningur



yfir tekjur og gjöld sveitarsjóðsins í Svínavatns-
hreppi fardaga árið 1900—1901.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnss. 20. des. 1901.
Með brjefi dagsettu í okt. síðastl. hafið þjer herra sýslu-
maður, sent mjer tvo amtsúrskurði yfir Gísla
Gíslasyni frá Sólheimum hvar nefndum Gísla
er gjört að skildu að greiða árlega með tveim
ur börnum[2] sínum[3] (óskilgetnum) og Konkordíu
Steinsdóttir 72 kr. Af fúlgu þessari er þegar
greitt til Bólstaðarhlíðarhrepps allt það er í
gjalddaga var fallið fyrir síðastliðna fardaga
en þær 36 krónur, sem síðan hafa fallið í
gjalddaga verða væntanlega greiddar til Engi-
hlíðarhrepps fyrir lok þ. m.
Þess skal getið að af því, sem þegar er talið
borgað, hafa 36 kr. verið greiddar til Halldórs
Halldórssonar á Illugastöðum samkvæmt ávísun
frá oddvita Bólstaðarhlíðarhrepps:
Ofannefndir amtsúrskurðir endursendast
hjer með.

Brjef til Jóseps Jóhannssonar Bisfelli 26. nóv. 1901.
Með brjefi dagsettu 24. sept. þ. á. hafið þjer sótt um

að hreppsnefnd Svínavatnshrepps veitti yður styrk þann af alþýðustyrktarsjóði, sem í ár ber að úthluta til efnalausra eða heilsulitilla alþýðumanna í Svínavatnshreppi. Með því að hreppsnefndinni, er ekki annað kunnugt en að þjer hafið fullan rjett til að njóta styrks þessa, og þareð aðrir hafa ekki sótt um hann, þá hefur hreppsnefndin á fundi 23. þ. m. samþykkt að veita yður styrk þenna óskiptan, sem að upphæð er 22 kr. 28 aurar, og mun sýslumaður Húnavatnssýslu útborga yður þessa upphæð; er þjer óskið þess.

Brjef til sýslumannsins í Húnavs. 14. jan. 1902.
Samkvæmt brjefi mínu til yðar herra sýslumaður dagsettu 1. maí f. á. var þá óborgað [30 kr.] af fúlgu þeirri, sem Sigurbirni Guðmundssyni er með amtsúrskurði 16. marz 1895 gjört að skildu að greiða með óskilgetnu barni sínu og Guðbjargar Gunnlaugsdóttur, Helgu Guðbjörgu sem framfærist hjer í sveit. Þessar 30 kr. eru enn óborgaðar og ennfremur 30 kr. sem í gjalddaga fjellu 14. maí og 14. nóv. f. á. Leyfi jeg



mjer því að fara þess á leit við yður herra sýslumaður, að þjer hlutist til um að þessar 60 - sextíu - krónur verði tafarlaust borgaðar af framfærslu-sveit Sigurbjörns Guðmundssonar Ljósavatnshreppi til sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi.

Brjef til sýslum. í Húnavatnssýslu 14. jan 1902.
Af fúlgu þeirri, sem Eyjólfi járnsmið Illugasyni í Hafnarfirði er með amtsúrskurði 22. júlí 1897 gjört að skyldu að borga með föður sínum Illuga Sæmundssyni sem framfærist af fátækrafje Svínavatnshrepps, er nú óborgað 40 - fjörutíu - krónur, sem í gjalddaga fjellu 1. júlí f. á. og 1. þ. m. Leyfi jeg mjer því hjermeð að málast til við yður herra sýslumaður, að þjer hlutist til um að nefndar 40 krónur verði sem fyrst borgaðar af Eyjólfi Illugasyni til sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi.

Brjef til oddvita sýslunefndar Húnavs. 15. jan 1902 (ágrip.)
Með brjefi þessu var sendur reikningur yfir tekjur og gjöld hreppsvegasjóðsins í Svínavatnshreppi almanaksárið 1901

Brjef til sýslumannsins í Húnavs. 15. ap. 1902. (ágrip)
Með brjefi þessu var sýslumanni send: „Skýrsla um þá menn, sem gjaldskyldir eru til styrktarsjóðs handa alþýðufólki í Svínavatnshreppi árið 1902.

Brjef til sýslum. í Húnavs. 29. ap. 1902. (ágrip)
Með brjefi þessu var sýslumanni send: „Niðurjöfnun sýslusjóðsgjalds og búnaðarsjóðsgjalds þess, sem greiðast ber af sveitarsjóði Svínavatnshrepps fardagaárið 1901–1902.

Brjef til sýslum. í Húnav.s. 2. júní 1902. (ágrip)
Með brjefi þessu var send alþingiskjörskrá Svínavatnshrepps gildandi frá 1. júlí 1902 til 30. júní 1903.

Brjef til Jóseps Jóhannssonar á Litlabúrfelli 24. nóv. 1902.
Á hreppsnefndarfundi í Stóradal 22. þ. m. var rætt um styrk þann af „Styrktarsjóði handa alþýðufólki í Svínavatnshreppi", sem í ár kemur til úthlutunar, og þar, sem ekki höfðu aðrir enn þjer sótt um styrk þennan, þá samþykkti hreppsnefndin að veita yður styrk þennan óskiptan. Styrkur þessi er að upphæð kr. 23.50
Þetta tilkynnist yður hjermeð.



Brjef til sýslumannsins í Húnavs: 9. des. 1902. (ágrip)
Með brjefi þessu voru sendar skýrslur um ómaga hreppsins samkvæmt ósk milliþinganefndarinnar í fátækra og sveitarstjórnar málum.

Brjef til oddvita sýslun. Húnavatnssýslu 24. jan. 1903. (ágrip)
Með brjefi þessu var sendur reikningur yfir tekjur og útgjöld sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi fardagaárið 1901–1902, ásamt eignaskýrslu, sama ár, hvorttveggja með 45 fylgiskjölum.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 29. jan. 1903.
Samkvæmt brjefi mínu til yðar herra sýslumaður dagsettu 14. jan. f. á., var þá óborgað af fúlgu þeirri, sem járnsmið Eyjólfi Illugasyni í Hafnarfirði var með amtsúrskurði 22. júlí 1897 gjört að skildu að borga með föður sínum Illuga Ásmundssyni, sem framfærist af fátækrafje Svínavatnshrepps, 40 krónur, sem í gjalddaga fjellu 1. júlí 1901 og 1 jan. 1902; þessi upphæð er enn óborguð, en þó Eyjólfur samkvæmt tilkynningu yðar hafi með nýjum amtsúrskurði, verið frjáls við að borga fúlgu þessa lyrst um sinn frá 1. jan. 1902. þá skilst mjer að hann hafi alls ekki verið frjáls við at borga upphæð þessa, sem þá var fallin í gjalddaga

og vil jeg því hjer með mælast til að þjer herra sýslumaður hlutist til um að þessar 40 krónur verði tafarlaust borgaðar af Eyjólfi Illugasyni til sveitarsjóðs Svínavatnshrepps.

Brjef til sýslunefndaroddv. Húnavatnssýslu 5. febr. 1903 (ágrip)
Með brjefi þessu var sendur reikningur um tekjur og útgjöld hreppsvegasjóðs Svínavatnshrepps almanaksárið 1902 og efnahagsyfirlit til sama ár.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 12. maí 1903.
Af fulgu þeirri, sem Sigurbirni Guðmundssyni er með amtsúrskurði 16. mars 1895 gjört að skildu að borga með óskilgetnu barni sínu Helgu Guðbjörgu, sem framfærist hjer í sveit, eru nú óborgaðar 30 krónur, sem í gjalddaga fjellu 14. maí og 14. nóvember fyrra ár; leyfi jeg mjer því hjermeð að fara þess á leit við yður herra sýslumaður að þjer hlutist til um að þessar 30 krónur verði tafarlaust borgaðar af framfærslusveit Sigurbjörns Sjávarvatnshreppi til sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi.

Brjef til sýslum. í Húnavatnssýslu 24. nóv 1903.
Á hreppsnefndarfundi að Holti 17. þ. m. var lögð fram umsókn frá ekkjunni Elísabet Erlendsdóttur í Tungunesi þar, sem hún sækir um styrk þann af alþýðustyrktarsjóði, sem í ár kemur til útbluta…ar hjer í hreppi. Fleiri höfðu ekki sótt um styrk þennan, og samþykkti hreppsnefndin í einu hljóði að veita nefndum umsækjanda hann óskiftann.
Þetta tilkynnist yður herra sýslumaður hjermeð.
Hjermeð sendist umrætt umsóknarbrjef.

Brjef til oddvita sýslunefndarinnar í Húnav.s 16. des 1903 (ágrip)
Með brjefi þessu var sendur reikningur um tekjur og útgjöl sveitarsjóðsins í Svínavatnshreppi fardaga árið 1902–1903 og efnahagsyfirlit sama ár.

Brjef til oddvita sýslun. í Húnavatss. dags. 8. jan. 1904. (ágrip)
Með brjefi þessu var sendur reikningur yfir tekjur og gjöld hreppsvegasjóðsins í Svínavatnshreppi almanaksárið 1903, ásamt efnahagsyfirliti sama sjóðs 31. des. 1903.

Brjef til sýslunefndarinnar í Húnavs. dags. 4. marz 1904.
Á fundi, sem haldinn var á Ytri-Löngumýri 1. þ. m., kom til umræðu og var samþykkt að fela hreppsnefndinni að sækja um leyfi til sýslunefndarinnar til þess að hreppsnefndin mætti taka lán uppá ábyrgð sveitarsjóðsins að upphæð allt að 1000 krónum til þess að koma upp gripheldri girðingu á milli heiðar og heimalanda frá Blöndugili að Vatnsdalsá. Ef girðing þessi verður sett upp ætti að sjettulagi allir búendur á milli Blöndu og

Vatnsdalsár að taka þátt í þeim kostnaði, en auðvitað mis-
munandi eptir afstöðu.

Nú eru samningar um þetta mál ekki fullgjörðir við hlutaðeigandi sveitarfjelög, en tölverðar líkur til að þeir takist, og leyfi jeg mjer því hjermeð að fara þess á leit við hina heiðruðu sýslunefnd Húnavatnssýslu að henni mætti þóknast að veita hreppsnefnd Svínavatnshrepps þessa umræddu lántökuheimild, jafnvel þó svo geti farið að hún verði aldrei notuð, ef viðunandi fjárframlög fást eigi frá öðrum hlutaðeigendum.

Brjef til sýslum. í Húnavs. dags. 15. febr. 1904.

Nú fyrir skömmu leitaði Jón bóndi Sigurðsson í Stóradalsseli aðstoðar hreppsnefndarinnar hjer í hreppi viðvíkjandi sjúklingi sem hjá honum liggur. Sjúklingur þessi er kvennmaður Margrjet að nafni Jónsdóttir, sem ætt hennar er mjer ókunnugt, en árið 1890 og nokkur ár þar á undan var hún hjer í Sólheimum hjá hreppstjóra Ingvari Þorsteinssyni, og var þá gefið með henni af sveitarsjóði Sauðárhrepps í Skagafjarðarsýslu; ár þau, sem hún var hjá Ingvari var hún mjög heilsulaus lengst af rúmliggjandi, en vorið 1891 fór hún að Eyvindarstaðagerði í Bólstaðarhlíðarhreppi og var þar í 4 ár og vann þá fyrir sjer, vorið 1895 fór hún, sem vinnukona að Eiðsstöðum hjer í hreppi og var þar í 8 ár eða til vinnuhjúa skil-

daga síðastliðið vor; þessi 8 ár var hún mjög heilsulítil sjerstaklega síðustu tvö árin, sem hún lá alltaf öðruhverju rúmföst, og flutti þá húsbóndi hennar hana til hjeraðslæknis J. Halldórssonar á Blönduósi, og var hún þar undir hans hendi um tíma, en er hún ekki fjekk neinn verulegan bata við það, þá sendi húsbóndi hennar hana norður á Akureyri til hjeraðslæknis G. ~~Hann~~essonar og var hún hjá honum um tíma, en þrátt fyrir allar þessar tilraunir varð hún samt ekki fær til neinnar áreynslu vinnu, var hún því vistlaus síðastliðið vor, og fór hún þá að Höllustöðum hjer í hreppi í einhvernveginn lagaða sjálfsmennsku, og var hún þar í sumar; en í haust fjekk hún mjög vont fingurmein, fór hún þá frá Höllustöðum fyrst til hómöopata Guðmundar Sveinssonar á Stórabúrfelli, og var hjá honum þar til í des. að fingurmeinið var farið að batna; þá fór hún fram í Austkúlusel og var þar til þess seint í jan. að hún fór í Stóradalssel og lagðist þar strax veik mjög þungt haldin. Þegar hún hafði legið þar fulla viku leitaði áðurnefndur Jón, sem hún liggur hjá, til hreppsnefndarinnar hjer í hreppi, og kvaðst hann ekki með nokkru móti geta stundað hana, þar sem hann hefði ekki annað fólk en sjálfan sig og mjög heilsulitla konu sína, en alltaf þyrftu tveir að vera yfir henni. Sendi þá

hreppsnefndin við Þorlák Ásmundsson í Auðkúluseli að
leggja til mannhjálp til að stunda hana fyrst um sinn,
að svo miklu leyti, sem Jón gæti ekki gjört það. En
þar, sem sjúkdómurinn virtist heldur bara versnandi
þá var sent eftir hjeraðslækni Júlíusi Halldórssyni, og
kom hann og skoðaði hana 10. þ. m. og skaffaði henni
svo meðal.

Af því, sem að framan er sagt um verustaði Margrjet-
ar þessarar tel jeg engan efa á, að hún eigi sveitlæg
í Sandárhreppi, og vil jeg því hjerumeð biðja yður
herra sýslumaður að tilkynna hreppsnefndinni í
nefndum hreppi, að farið sje að veita Margrjeti þessari
styrk af sveitarfje Svínavatnshrepps uppá væntan-
legt endurgjald af framfærslusveit hennar, og um leið
að fá yfirlýsingu hreppsnefndarinnar um að hún viður-
kenni Margrjeti þessa sveitlæga í Sandárhreppi.

Brjef til hreppsnefndaroddvitans í Fremri-Torfustaðahr. dags. 18. maí 1904.

Með brjefi dagsettu 7. des. f. á. hafið þjer herra oddviti tjáð mjer að
þjer jafnvel þó þess hefði ekki verið óskað, hafið látið hirða
fje úr Svínavatnshreppi í Fljótstungu og Sveðjurjettunum síð-
astliðið haust, og óskið jafnframt að jeg sendi yður hjer
fyrsta 4 kr. í þóknunar skini fyrir þetta. Hvað viðvíkur
þessari hirðingu síðastliðið haustið þá er jeg yður

þakklátur fyrir þá ráðstöfun, en til þess að komast hjá
að borga burðargjald og ábyrgðargjald með póstinum undir svona
litla upphæð, þá hef jeg í hyggju að biðja sýslumann
okkar að borga yður þessar 4 kr. í vor í þingaleiðinni sin-
um, því jeg tel víst að það gjöri sveitarfjelagi yðar ekkert
til hvort þessar krónur koma nokkrum vikum fyrr eða síðar.

Viðvíkjandi fjárhirðingu framvegis fyrir Svínavatnshrepp
í framannefndum rjettum, þá vil jeg gjarnan komast
í samninga um það atriði, en er hinsvegar ekki vel
kunnugur hvernig fer um það fje þegar það kemur norður
í Miðfjörð, því jeg tel víst að það nái ekki í seinni rjett
hjá ykkur Miðfirðingum, nema það sem kemur úr
fyrstu rjett fyrir sunnan, en að borga hirðingu og rekstur
á fjenu að sunnan til þess að það verði svo selt sem
óskilafje í Miðfirði það þykir mjer alls ekki viðeigandi,
og vil jeg því biðja yður um upplýsingar um það
hvort ~~hvort~~ þjer getið ekki án mikillar fyrirhafnar
sjeð um að kindur þær, sem koma að sunnan og
sem ekki ná í seinni rjett hjá ykkur, komist að
minnsta kosti austur í Víðidal. Að fengnum upplýsingum
um þetta atriði mun jeg svo skrifa yður að gjöra eitthvað
þessu máli viðvíkjandi.

Að endingu skal jeg geta þess, að nú nokkur
undanfarin haust, hef jeg ýmist farið sjálfur, eða látið

Áður hirða allt fje úr Húnavatnssýslu, sem fyrir hefur komið í Gránunesi, þar sem Árnesingar og Svínavatnshreppingar reka saman og draga í sundur, og hefur á hverju hausti eitthvað af kindum komið þar fyrir úr Miðfirði, sem við Svínvetningar höfum hirt og svo sent áleiðis með Vatnsdælingum úr fyrir Auðkúlurjett. Fyrir þetta höfum við aldrei krafist neinnar borgunar frá Miðfirðingum, og væri því alls ekki ætlilegt að komi kvöð á móti kvöð, og að Miðfirðingar hirtu fje fyrir Svínavatnshreppinga í áðurnefndum rjettum fyrir sunnan á móti því að Svínavatnshreppingar hirði fje fyrir Miðfirðinga við Seyðisá og í Gránunesi í hvorttveggju göngum.

Jeg vonast eptir línu frá yður þessu máli viðvíkjandi við hentugleika.

Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 21. marz 1904.

Með brjefi dagsettu 12. þ. m. hafið þjer herra sýslumaður tilkynnt mjer að sýslusjóðsgjald það, sem Svínavatnshreppi ber að greiða á komandi vori sje að upphæð kr. 293.60. En nú vil jeg biðja yður að láta mjer að vita hið fyrsta hvort hreppurinn ber að borga búnaðarsjóðsgjald auk þessarar upphæðar, og hve mikilli upphæð að það nemur, því hreppsnefndin hefur samþykkt að fela yður innheimtu á því ásamt með sýslusjóðsgjaldinu.

Brjef til sýslum. í Húnavatnssýslu 8. ap. 1904 (ágrip)

Með brjefi þessu var sent:

1. Skýrsla um grenjaleitir og grenjavinnslu í Svínavatnshreppi vorið 1903.
2. Skýrsla um þá menn í Svínavatnshreppi, sem gjaldskyldir eru til styrktarsjóðs handa alþýðufólki vorið 1904
3. Niðurjöfnun hreppsnefndar á sýslusjóðs og búnaðarsjóðsgjaldi því sem greiða ber af sveitarsjóði Svínavatnshrepps vorið 1904.

Brjef til Amtmannsins yfir Norður og Austur amtinu dagsett 5 júlí 1904

Samkvæmt úrskurði setts sýslumanns í Húnavatnss. dagsett 14 April 1904 er Svínavatnshreppi gjört að skyldu að endurgjalda dvalarhreppi stúlkunnar Magdalenu Sveinsdóttur í Hindisvík kostnað þann sem leitt hefir af sjúkleika þessarar stúlku.

Áður en farið er nánar út í þetta mál man nauðsynlegt að drepa lítið eitt á sögu þess.

Áðurnefnd Magdalena Sveinsdóttir veiktist í Hindisvík á Vatnsnesi og var kostuð til lækninga af Þverárhreppi í Húnavatnssýslu. leitaði hreppurinn þess til sýslumannsins í Húnavatnss. d. um sveitfesti stúlkunnar og er þetta mál það sem hjeðan úrskurða fjallar um

að öðru leyti vísast til úrskurðar sýslumanns hvað
sögu þessa máls snertir
Ástæður þær sem sýslumaður einkum byggir á úrskurð
sinn eru þessar
1 Að áin Blanda greini allstaðar annarsstaðar hreppana og að Holtastaðareitur sje aðeins ítak sem Holtastaða kirkja eigi vestan árinnar
2 Að lögskil hafi verið innt af hendi til Svínav.hrepps af þeim sem í Holtastaðareit hafa dvalið og að hreppsnefnd Svínavatnshrepps hafi með því kannast við Holtastaðareit sem tilheyrandi Svínav.hrepp

Hvað því viðvíkur að áin Blanda greini allstaðar hreppana, þá getur það eigi talist sem sönnun þar sem það er höfuðspurningin hvort hún gjöri það á þessum kafla það getur eigi talist sjeð að Holtastaðareitur sje ítak sem Holtastaðakirkja á eptir því sem í venjulegu máli er átt við með orðinu „ítak" Ítak er eigi kallað það land er ítakshafinn hefur full ráð yfir í sjerhverju tilliti heldur aðeins það land sem ítakshafinn má nota í einhverju sjerstöku augnamiði; Ítak kallast t.d. reki það að ítakshafinn er eigandi að vogreki því er á ákveðinni landsspildu finnst en eigi eigandi landsins, Með því nú að það verður að álítast að

Holtastaðabóndinn framfleyti fje í Holtastaðareit þar sem hann aflar þar heyja á sumrum en geymir þar fje á vetrum meyra en helming ársins er það augljóst eptir því sem að 2 sagt að Holtastaðareitur getur ekki kallast ítak enda eru skýr landamerki milli Holtastaðareits og jarða þeirra í Svínavatnshreppi er að honum liggja og enginn annar hefur notið hans en Holtastaðabóndinn Þar sem nú Holtastaðabóndinn framfleyti fje í Holtastaðareit þá er það auðsætt að honum hefði borið að tíunda það í Svínavatnshr. er hann hefur framfleytt það ef Holtastaðareitur tilheyrði Svínavatnshrepps en það hefur hann eigi gert heldur hefur hann ætíð tíundað að fullu í Engihlíðarhreppi liggur því beinast við að segja að með þessu hafi Engihlíðingar þegjandi játað að Holtastaðareitur tilheyrði Engihlíðarhreppi eigi síður en Svínvetningar að hann tilheyrði Svínavatnshreppi með því að leggja sveitar útsvar á Valdísi Þorláksdóttur en síðar man nánar ath. það farið,

Þá má en geta þess að Jón sál bóndi Guðmundsson á Holtastöðum bað um leyfi til að fá að reka fje á Auðkúluheiði gegn því að leggja til gangna er það auðsætt að hann hefði eigi gert það ef hann hefði álitið að Holtastaðareitur heyrði Svínavatnshreppi til

því allir bær í Svínavatnshreppi eiga lögskipaðan upprekstur á Auðkúluheiði; Annað aðal atriði að innt hafi verið af hendi lögskil til Svínavatnshr. af þeim er talist hafa til heimilis í Holtastaðareit, þá getur það eigi talist rjett að þeim ástæðum sem nú skal greina

Það er að vísu rjett að Valdís Þorláksdóttir hefur goldið nokkrum sinnum til Svínavatnshr. en ástæðan fyrir því var sú að nefnd Valdís dvaldi meiri hluta ársins í Sólheimum og annarstaðar hjer í hreppi og hefur haft skepnur sínar að öllu leiti hjer í hreppi en alls eigi í Holtastaðareit, reyndar hefur hún ekki tíundað hjer og heldur ekki annarsstaðar en hreppsnefndinni var kunnugt um eignir hennar samt hefur verið lagt á áðurnefnda Valdísi sveitar útsvar að en það var heimilt af þeim ástæðum að hún hafi dvalið meiri hluta ársins í hreppnum en eigi verðist neitt byggjandi á gjörðum ólögfróðra hreppsnefndar og að það sje af dvalarstaðnum sem útsvarið hefur verið lagt á hana en eigi sökum heimilisfangsins má greinilega sjá af því að eigi hefur verið lagt á hana sveitar utsvar nema sum ár og það ettmitt þau ár sem sjeð Valdís hefur dvalið hjer í hreppnum, þess skal en getið að það er eigi rjett sem segir í úrskurði sýslum. að lagðar hafi verið á oftnefnda Valdísi 12 kr árið 1878

það munu að eiga vera 12 fiska, Vegna alls þessa getur hreppsnefnd Svínavatnshr. eigi kannast við að Holtastaðareitur liggi í Svínavatnshreppi en virðist það útilokað sökum legu Reitsins að hann tilheyri Engihlíðarhreppi þá þykir eigi ósennilegt að hann heyri til Torfalækjarhreppi þar sem Holtastaðakirkja á hálfan Hagadhál í nefndum hreppi og lönd Holtastaðareits og Hagadhóls liggja saman og því líklegt að Holtastaðareitur sje sneið af Hagarhólslandi sem lögð hefur verið undir Holtastaðakirkju með því það sýnist ómögulegt að Holtastaðareitur sje sneið af nokkurri jörð í Svínavatnshrepp

Af þessum ástæðum sem nú hafa verið teknar fram getur hreppsnefnd Svínavatnshrepps eigi unað úrskurði Sýslumanns og áfrýjar honum því hjer með til Amtmanns, Úrskurður Sýslumanns sendist hjer með.

Bjef til Benidikts Einarssonar á Þröm dagsett 15 nóv 1905

Hreppsnefndin hefur á fundi 15 þ m þar sem var rætt um styrk þann af styrktarsjóði handa alþýðufólki í Svínavatnshr. sem í ár kemur til úthlutunar og þar sem aðrir höfðu eigi sótt um styrk þennan þá samþykkti hreppsnefndin að veita yður styrk þennan

óskiptan, Styrku þessi er að upphæð 24. 28 aura þetta til kynnist yður hjer með

Brjef til hreppsnefndarinnar í Torfalækjarhrepp dagsett 29 júlí 1906

Með brjefum dagsett 23 og 25 þ.m. hafið þjer herra Oddviti lagt það erindi fyrir hreppsnefndina í Svínavatnshrepp hvort hún vilji í samfjelagi við Torfalækjarhreppsnefnd og aðrar hreppsnefndir í austur Sýslunni leggja fje úr hreppssjóð til starfrækslu talsímastöðvar á Blönduós í 5 ár næstkomandi eptir hinu fyrra brjefi átti allur kostnaður að vera 60 kr en eptir hinu síðara kr. 120,00 Hreppsnefndin hefur rætt þetta mál á fundi sínum og lætur hjer með hreppsnefnd Torfalækjarhrepps vita eptirfylgjandi álit sitt

1.º Þar sem auðsjáanlegt er að Torfalækjarhreppur hlítur allra hluta vegna að hafa mest gagn af riti og talsíma á Blönduós finnst hreppsnefndinni hjer sanngjarnt að hreppsnefnd Torfalækjarhrepps, beri mestan hluta kostnaðinns, við starfrækslunna og virðist ekki ósdilegt að helminguinn borgist af Torfalækjarhreppi einum.

2.º Hinn helmingurinn virðist ekki ósanngjarnt að borgist af öllum hinum hreppum austursýslunnar, og skiptist hann jafnt á alla þá hreppa, sem hlut eiga að máli.

3.º Hreppsnefndin ákveður því að ábyrgjast, sinn hluta í nefndum kostnaði, ef honum er þannig skipt niður, á sýsluna eins og hjer á undan er sagt.

Brjef til Sýslumannsins í Húnaþingi dagsett 10 Apríl 1907

Nr 1.

Á meðfylgjandi brjefi frá hjeraðslækninum í Blönduós hjeraði sjáið þjer herra Sýslumaður að stúlkan Ingibjörg Jóhannsdóttir á Höllustöðum hjer í hrepp er hættulega veik og þar hún er algjörlega efnalaus hefur húsbóndi hennar leitað sveitarstyrks og hjálpar hreppsnefndarinnar hjer í sjúkdómsvandræðum þessum. Hreppsnefndin hefur þegar útvegað hjúkrunarmann til að hjúkra henni um tíma, og fengið hreppstjóran til að halda próf yfir henni um æfiferil hennar til að vita hver framfærslusveit nefndrar stúlku sje og reynist hún nú vera Vindhælishreppur,

Út af þessu vil jeg óska þess að þjer sem fyrst sjáið um að hreppsnefndin í tjeðum hreppi viðurkenni nefnda Ingibjörgu Jóhannsdóttir sem þurfaling sinn

og hún gjöri ráðstöfun að hún komist sem fyrst á
á framfæri sveitar sinnar, Æskilegt væri að stúlkan veri flutt
sem fyrst. Hún er vistráðin hjá ~~tu~~ hús til næstu krossmessu
en húsbóndi hennar hvorki sig fúsan til að borga með henni
til krossmessunnar það sem honum ber samkvæmt
vinnuhjúalögunum þar sem veiki um hjú er sýkist á vistar
árinu,

En fremur óskir hreppsnefndin þess að hjer sjáið um
að sveitarsjóður Svínavatnshrepps fái endurborgaðan
kostnað þann er hann hefur þegar lagt fram og kann
fram að leggja sjúkling þessum til styrktar

No 2. Brjef til sýslumannsins í Húnavatnssýslu
dagsett 15 júní 1907

Með því að hreppsnefndin hjer í hreppi hefur komið
sjer saman um að selja jörðina Efri-Lækjadal í Engi-
-hlíðarhreppi sem er að dýrleika 6 ℔, það hefur gengið
illa að fá viðunanlega ábúð á jörðina og hreppnum
því orðið lítil eign í henni, Nú getum við fengið sæmi-
legt verð fyrir hana svo hreppsnefndinni og öðrum bændum
hér, kemur saman um að gott sje nú að selja þegar
tækifærið gefst

Fyrir andvirði jarðarinnar viljum við kaupa jörðina
Eldjárnstaði sem nú er til sölu og er hjer í hreppi og er
að dýrleika 14 ℔, jörð þessi er að öllu leyti stærri og betri
og mikið ~~tekju~~ hægra ~~tekju~~ fyrir hreppsnefndina að sjá um
ábúð á henni og verðmunur lítill,

Jeg vil því hjer með biðja yður herra sýslumaður!
að gefa yður til að hreppsnefndin hjer megi selja
Efri-Lækjadal en kaupa Eldjárnstaði það er eigi annað
sjáanlegt en þetta sje tilvalinn hagur fyrir hreppinn
og vildi jeg mega óska svars frá yður við fyrsta hent-
=ugleika

No 3.

7/7 1907. Brjef til sýslumannsins með reikning yfir
útlagðan styrk með framfærsluómaga Vindhælishrepps
stúlkunni Ingibjörgu Jóhannsdóttur. 10 fylgiskjöl

„Með brjefi þessu leyfi jeg mér herra sýslumaður að senda
„yður reikning yfir útlagðan styrk til ómaga Vindhælishr.
„stúlkunnar Ingibjargar Jóhannsdóttur, er flutt var
„hjeðan hreppaflutningi 23. f.m. Upphæð sú er Svína
„vatnshreppur hefur lagt út í þarfir hennar er 220,87,
„og vil jeg hérmeð biðja yður að sjá um að ~~fátækra~~ sveitar —
„sjóði Svínav.hr. verði endurgoldin upphæð þessi að
„~~því~~ sem allra fyrst að því er búið til standa.

No 4.

22/8.07 Til oddvitans í Ásahreppi.

Eins og yður mun kunnugt herra hreppsnefndaroddviti var í vor gjörð leit á Arnarkúluheiði að tilhlutun hreppsnefndarinnar hér til að ná heimanað [illegible] fé til rúnings, fundust þá nokkrar kindur úr Ásahreppi. Hreppsnefndin hér hefir nú komið saman um að sleppa [illegible] til borgunar fyrir fund þessara kindanna og framvegis mót því, að það Ásahreppsmenn gjöri Sveinsstaða hreppsmönnum sömu skil ef eitt þegar [illegible] fram á [illegible] yðar og að hreppsbúar yðar greiði yfir höfuð sem bezt fyrir fé Sveinsstaðahrepps að vorinu og viljum vér þá gjöra hið sama hvað yðar fé snerti. Mér þætti vænt um að fá við tækifæri að vita undirtektir hreppsnefndar yðar um hvort þessi samningur geti á komizt milli sveitanna.

No 5.
24/8.07 Til óðalsbónda Guðm. Tómassonar [illegible]

Samkvæmt bréfi sýslumannsins í Húnav. sýslu dags. 19/8 þ.á. hefir kostnaður við flutning þurfalingsins Ingibjargar Jóhannsdóttur frá [illegible]stöðum numið alls 72,00. þar af ber Sveinsst.hr. að svara 1/3 eða kr. 24,00. Af því sveitarsjóðurinn í Sveinsst.hr. er enn í yðar vörzlum sem fyrverandi gjaldkera sveitarinnar, þá til hann [illegible] reikningslega afhenta hinni nýju hreppsnefnd, og þar af leiðandi er enginn annar sveitarsjóður til en sá, sem þér enn hafið á [illegible], þá skal ég leggja fyrir yður að greiða af nefndum sveitarsjóði kr: 24,00 (tuttugu og fjórar kr.) til [illegible] nefndum flutningskostnaði, sem allra fyrst til hreppstjórans í Svínavatnshr. gegn kvittun hans, og gjöra svo [illegible] á sjóðnum á sínum tíma reikning fyrir þessum 24,00.

19.sept.07 Til sýslumannsins, út af athugasemdum oddvita Vindhælishr.
No 6. um reikningsyfirlit legukostnaðar Ingibjargar Jóhannsdóttur.

Með bréfi yðar dags. 4. þ.m. hafið þér herra sýslumaður, sent mér athugasemdir hreppsnefnda oddv. Vindhælishr. dags. 20. f.m. um reikningsyfirlit útlagðs ~~kostnaðar~~ styrks með sveitarómaga Ingibj. Jóhannsd. Reikning þennan, að upphæð 220,87, sendi ég yður með bréfi dags. 7. júlí, þar sem ég óskaði eftir, að þér sæjuð um, að hreppsnefnd Vindhælinga greiddi sem fyrst sína skyldu upphæð af reikningnum. Óskuð þér eftir sem fljótast svari héðan. Bréf yðar fylgdi 13 fylgiskjöl.

Ummæli oddv. V.h.hr. þau, að eigi verði séð, að h.n. hafi ætlað að [illegible] borgun a v.s.frv. tel ég sem meinlausar oddvita glettur, sem ég á því hægra með að fyrirgefa ~~[illegible]~~ sem oddv. segir nokkrum línum ofar, að þeir hafið skorað á hann að borga Svínav.hr. 147.25 eins og bréf mitt frá 7. júlí óskar eptir að sjer gjörið, og ekki finnst mjer tiltökumál þó annað eins og þetta komi fyrir hjá manni, sem farinn er svo mjög að eldast og færast nú hinum sama barnsaldri. Skal ég svo svara því í stíl oddvitans, [illegible]

1. Oddviti Vindh.hr. segir hjúkrunar dagana 78 ístað 79 eptir reikningnum, og vitnar þessu til sönnunar, í reikning hjeraðslæknis. Eptir langa leit, eptir hvaði því skjali 7. geti verð málstaðhans til ~~sönnunar~~ stuðnings, hefi eg ekkert fundið, nema ef vera skal, að hann (oddv.) hafi misskilið reikninginn þannig að taka dagsetning hans: 6. apr. fyrir þerða daglækn. Að vísu furðar mig, að jafn skýr og greindur maður, sem oddviti er, skuli geta orðið sekur í slíkri fljótfærni misskilningi eða mislestri. Einaudvitað er reikningurinn dagsettur daginn eptir að læknirinn kemur heim frá Höllustöðum Fylgi skjal 4. liður 3. sýnir að farið var eptir lækninum 3. apríl og maðurinn, er sækir hann og flytur, kemur heim til sín 6. apr. Læknirinn fer því af Blönduósi fram að Höllustöðum 4. apríl gistir á Langamýri nóttina eptir, þaðan skrifar hann hreppsnefndinni hjer brjef um sjúklinginn, það brjef mun dagsett að Langamýri 4. apríl. og mun hafa fylgt brjefi oddvitans í Svínav.hr. til sýslumanns, er hann sendi 10 apríl, um leið og hann sagði til sjúklingsins, brjef þetta fylgdi ekki með skjölum málsins hingað, og er því ekki í mínum vörslum. 5. apríl fer læknirinn heim, 6. apr. skrifar læknirinn reikninginn áður en maðurinn fer heim, er fylgdi honum. Oddvitinn fer því með rangt mál. Að fá 78 daga úter hinum fylgiskjölunum er jafn-ómögu-legt, sem að fá þá úter fylgiskjali 7. — Í fylgiskj. 2 reikningi Helgu Guðmundsdóttur stendur: „Kaups fyrir dagana 5. apríl 10. s. m. kr. 1,5 um daginn." Verða þessi orð skilinn öðru vísi en svo að kaups sje krafist fyrir báða dagana 5. og 10. apríl og dagana þar á milli = 6 daga. Í sama skjali stendur „og 8 5 mai — 10 júní kr 1,5": Kaups fyrir 17 daga. — Þá stendur í fylgiskjali 1. „Kaups frá 11 apríl 24. mai (incl) = 44 dagar 1,5 (þetta incl. s: inclusive, veit eg að oddvitinn þekkir, „að báðum dögum með töldum.") Í fylgiskj. 3. stendur „1 vika við hjúkrun" o. sfr. „10,50 vikan = 7 daga + 5 daga á 2,00 = 12 dagar. Þegar eg svo legg alla þessa daga saman = 6 + 17 + 44 + 7 + 5, get eg ekki fengið út aðra tölu en 79. Oddviti Vindh.hr. verður því að gjöra betri skil ef eg á að geta fært hjúkrunar dagana niður um 1 dag fyrir þessi sönnunar gögn hans.

2. En hann vill meira, hann slyppir fljótt kröfunni um 78 d. og færir sig ofan úr 78 í 61, og byggir þessa kröfu á því, að ekki hafi yfir heyrsla farið fram fyr en 22. apr. Í stað þessi er nýjer engin orða myrk, og hefði getað skilið, ef einhver óvalinn maður hefði sagt að ekki hefði þurft eða átt að hjúkra sjúklingnum fyrri en yfir heyrsla var fram farin, en þetta getur naumast sannar maðurinn frá Þverá sagt, eða hugsað, slíkt mannúðarleysi ætla eg ekki honum þó hann sje nú oddviti. Með allri virðingu fyrir lög speki hans, sem eg veit að er langt fram yfir mína, hefi eg nýjer þó að spartan að útur rækkum lögum sje mögu legt að draga þá miskunar lausu þýðingu, að dvalar veit sjúklings sje óheimilt hvernig sem á stendur að láta hjúkra honum á kostnað framfærslu sveitarinnar, fyrri en yfir heyrsla er

framfarir yfir sjúklingnum. Var inokkar veiga í þessari á-
stadu gat i opt dregist med hjúkrunina. Í bryfi læknis frá Laungu-
myri, og sem eg hefi minst á og líklega er í vörslum ydar
herra sýslumadur, skorar læknirinn á hreppsnefndina hjer ad
út vega sjerstaka hjúkrun, þetta var gjört frá þegar, þessvegna
byrjar hjúkrunin 5. apr. Ad láta hana dragast þangad til yfir-
heyrsla fór fram, hefdi verid vanræksla frá hreppsnefndarinnar
hálfu. Stilt var þó engu minni ~~[illegible]~~ ad láta hana ekki
byrja fyr en Vindhælingar væru búnir ad vidurkenna sjúk
linginn, enda hefdi þá enginn hjúkrun ordid á þeirra kostnad
svo lengi var þrætning vídregin. Tilvitnun í 64. gr. fátækralaganna
á því hjer ekki vid, hjer var brýn þörf. Af þessu leitur, ad eg get ekki
ordid vid þeirri ósk oddvitans ad gjöra hjúkrunar dagana ad eins til
ad veita styrkinn mátti ekkert dragast (sbr. bryfi læknis 4. april.)
3. Oddviti Vindhæla kyfir sjer ad setja dagkaup hjúkrunar kvennanna
nidur ur kr. 1.75, 1,45 og 2,00 ofan í 1,00 á dag. Hreppsnefndin hjer gjördi
alt, sem í hennar valdi stód til ad fá hjúkrunar konunar fyrir sem
lægst kaup, því ekkert gat hún gratt á ad kaupid yrdi hærra en gódu hófi
gegndi, en hvar, sem leitad var þar utan sveitar, ~~[illegible]~~ fekkst enginn fyrir
lægra kaup, því þessar ~~[illegible]~~ fengust med mestu herkjum og ervidismunum.
Reynt var ad koma stúlkunni fyrir annarstadar bædi í sveitinni og
á Blönduósi og reyndist þad ómögulegt. Hún þurfti því þarna ad vera, og
var búist vid, ad eigi þyrfti hún þar lengi ad vera, því framförsen
sóttkun hennar, sem undir eins var auglýst hver var, myndi

rádstafa henni brádlega, en þad drógst lengur en þörf virtist fyrir,
og mega því Vindhælir kenna sjálfum sjer um, ef byrdin er þeim
of þung. Ad gjöra sveitarfjelaginu þungt fyrir med ómaga sína,
virdist ad vísu ástæda sumra hreppsnefnda, en eg hefi aldrei skilid
þá stefnu, og fundist hún ekki sæmandi. En þakklát mundi hon-
lei hafa verid oddvitanum eda medrefndarmönnum hans, ef
þeir hefdu sjálfir haft rádstöfun þessa ómaga síns á hendi, eda lett
henni af áður fyr en þeir gjördu. Ad sníða í kvi sjer hjúkr. kaup kvenna
uppi í fámennum sveitum og í nidjöfnunarhreppum, og ad bera
þad saman vid hjúkrunarkostnad á opinberum sjúkrahúsum, nær
engri átt, og furdar mig ad madur med annari eins lífsreynslu og odd-
viti V.h.hr. hefir, skuli kasta slíku fram. Þess ber og ad gæta, ad hjúkr.
konur þær, er hér rædir um, urdu allar ad fara frá föstum starfa
heima fyrir, og valda á nokkurn veginn ógrinnina yfir sjúklingn-
um. — Til enn frekari skýringar, vil eg geta þess, ad á heimili
sjúklingsins, voru auk hans, ad eins 3 manneskjur, öldrud ekkja,
fyrirvinna hennar, er vinnumadur og örvasa gamalmenni á
níræðis aldri, er sjálft þurfti hjúkrunar vid. Hjálp frá heimamönn-
um var því ófáanleg og lítt hugsanleg. Auk þess hefir heimili
þetta, hvad eftir annad ordid fyrir þeirri raun, ad fjöldi
fólks hefir dáid þar af berklaveiki; og héradslæknirinn, er hann
vitjar stúlkunnar, lýsir yfir því, ad hún þjáist af berklum, og þurfi
sérstaka hjúkrun. Húsakynni eru mjög lítil og léleg, svo ad
þessu leyti er heimilid illa ræmt, og hefir mönnum þótt ófýsilegt

að setjast þar að og dvelja langdvölum. Þegar þess er gætt, geta ef-
laust flestir, sem ekki eru því ókunnugir, skilið hve hægt hreppsnefnd-
in hér hefir átt með að fá menn til að setjast þarna að til að hjúkra
þessum aumingja, allra helzt fyrir mjög lágt kaup; en að láta
hreins aura á dag, standa hjúkruninni í vegi, var samvizkulaust
þessum kostum varð því að sæta, og mundi flestum, er þekkja all-
ar ástæður, hafa þótt vel sæmandi að borga 1/15; 1/16 fyrir slíkt starf
á slíkum stað. 2 kr. á dag í 5 daga, virðist hátt kaup, en fyrir
minna var hlutaðeigandi ófáanleg. Um aðra var því eigi að
tala. Allir kvenmennirnir, er gegndu þessu starfi, voru að allra
dómi hinar álitlegustu til þess, að fá einhverja óhæfu, var ekki
til neins. Þegar nú oddv. í V.h.h. ýfir vegna þetta í nafni, veit
ég hann sjái, að mér er ómögulegt að fallast á niðurfærslu
hans á dagkaupi hjúkr.kvennanna

4. Þá kemur læknissóknin:

a að sækja og flytja lækni fyrst í apr. 4 dagar. Oddv. gjörir það
2. daga, og vitnar þessu til sönnunar í reikning læknis flgskj. 7.
Það fer fyrir mér hér einsog fyr, að mig brestur skilning til að sjá
hvernig sönnunargagn þetta blað getur verið fyrir því að dagarnir séu
2 en ekki 4. Reikn. læknis nefnir þó enga daga tölu, fylgdarmanns
hans viðkomandi: 1½ sólarhring hefir læknirinn einnig
til. Dagsetningin 6. apr. hefir aftr villt sjónir oddvitans; en
gæti hann vel að, þá sæi hann þetta skjal það eitt, að odd-
vitinn hefir rangt fyrir sér hvað þessa dagatölu snertir, einnig

um hjúkrunar daga töluna (78 í stað 79). Af flgskj. 7. sést sem sé,
að læknirinn er búinn að vitja sjúklingsins og er kominn heim og
að maðurinn er fluttur hann er þá (6 apr.) ófarinn heim með með-
ölin, en fer þann dag.
Í stað fylgiskjals 7. hefði oddvitinn átt til að spara sjer skrift, heldur
að skoða flgskj. 4 því 3. liður þess sýnir, hvenær farið var eptir lækninum,
þ: 3. apr.; þann dag fer hvorki læknirinn eða fylgdarmaðurinn af
Bl. ós., hann er þar nóttina 4. apríl. fer hann með lækninum
fram eptir; læknir gistir næstu nótt á Langamýri; og skrifar
þar bréfið, sem áður er minnst á, til hreppsnefndarinnar hjer. 5.
apríl fer læknirinn útá Bl. ós. og maðurinn með honum og gistir
þar í 2. sinn (sbr. flgskj. 6.; 2 nætr.) og 6. apr. fer hann heim.
Við þetta má bera saman flgskj. 4. og 5. Þótt hreppsnefndin eigi
engan ~~þátt~~ þátt í þessum reikningi og ráði engu um læknissóknina
þar hún fer fram áður ómaginn kemur undir ráðstöfun
hreppsnefndarinnar, þá get ég ekki fundið neitt óeðlilegt við það,
að 4. dagar hafi gengið til að sækja og flytja lækni apr á Bl. ós.
fyrst í apríl í stirðu veðri og færð og dimmri nótt. Auðvitað er
mögulegt að fara þennan veg til og frá á dag lausríðandi og
þá með lækni sjer, en vel að merkja því að aðeins að læknirinn
geti, vilji eða þóknist að fara það. Það er vilji og vel þóknun
~~lækn~~ og kringumstæður læknisins, sem hjer ráða vanalega
en sjaldan fylgdarmannsins. Og ég efast ekki um að Gísli á
Hóllustöðum, er sótti lækninn og flutti, hefði leikið sér þrekkram

lega að vera, sem dýrtsaðs tíma í þessu ferðalagi, því ekki
mátti hann missa sig heiman að. Að lækninum hafi brúk-
að ó þarflega langan tíma í þetta ferðalag eða eptir áliti oddvita
helmingi lengri en vera bar, er mjög ólíklegt. En hvað, sem
um það er, þá er maðurinn í þessu ferðalagi 3. 4. 5. og 6. apr.
= segi og skrifa 4 daga, og þetta og ekkert annað kemur mæta
vel heim við reikning læknisins, rjett skelinn og rjett leirinn.
Hann (læknir) segist 6. apr. á Blönduósi hafa farið ferð að
Höllustöðum og heim aptur, sem staðið hafði yfir 1½ sólarhring
þ: 4. april fer hann að Höllustöðum, nóttina er hann á Laungu-
mýri, 5. apr. fer hann heim = 1½ sólarhring. Af þessum 3
dögum, er Gísli með lækni 2 dagur eða daga (ekki nóttina á
Löngumýri) og önnur 2 dagur eða daga er hann einn, og 2
og 2 eru ó það 4. Og það finnst mjer nú oddvitinn etti að virða
við Gísla, að Gísli tekur ekkert kaup fyrir að sofa í 3 nætur í
ferðalaginu og að enn síður að degunum, en læknirinn fær hátt
kaup bæði nótt og dag. Og nú held eg að fari ekki hjá því, að
oddviti Vindhæla fari að skilja að til ferðar þessa hafi gengið
4 dagar en ekki 2. og verð eg því að krefjast borguna fyrir þá
alla 4.

6. þá setur oddvitinn daglaun fylgdarmannsins þessa 1,00
um daginn og 2 hestanna með fóðru útborgaða á Bl. ósi, niður
í 3,00 fyrir alla daginn, slengir þessu öllu í eitt. Svona
„slumpa reikning" kann eg illa við hjá skynsemdarmanni.

Í reikningi hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi, er
þetta sundur liðað. Maður, hestar, fóður, þessu á Bl. ósi og
kvittanir (fylgiskjal. 5. og 6.) fyrir kostnaði á manni og hestum
í 2 nætur þar. Þegar hinum útlögðu fæði og gisti peningum
mannsins (kr 3,, ) bætt við dag kaupi hans 1,00 og því jafnað
á 4 dagana = maður með fæði í 4 daga, þá kostar maðurinn með
fæði og gisting kr. 1,75. Að maðurinn hafi borgað þessar 3,00 fyrir
mat og gisting í 2 nætur, getur enginn deila verið um, það
sýnir kvittan veitingamannsins. Eina deiluefnið gæti máske
orðið það hvort Gísli hefði ekki komist af með „simplari" gisting
og fæði. Jeg treysti ekki til að fara úti þá rannsókn, en hygg, að
þetta sje hið almenna, verð á veitingahúsum án sjerstakra tilhaldi,
og að Gísli hafi vanist sjer sóku „dekri" í lífinu, er mjer ekki
kunnugt. — Þá eru daglaunin 1,00. Það gott hlýtur að vera í Vind-
hælishreppi hvað vinnukrapt snertir, sem nýr frá almenn
kvörtunum, að sje lítil og dýr, ef oddvitanum þykir 1,00 á dag
til ferðalaga um þetta leyti árs, of mikið, auk þess sem hann
vill að vinnutíminn sé ekki reiknaður nema að helmingi þ.
gjörðir 2 dagar úr 4; enn fremur að verkamaðurinn meti kost
sinn og aðbúnað mun minna en hann hefir í veruns ytri
kostað. Verkamaðurinn sá, er hjer um ræðir, er bláfátækur
einyrki, eða rjettara sagt fyrirvinna hjá fátækri ekkju er
heldur bú hafði ekki nokkrum á að skipa öðrum en sjálfum
sjer, varð að taka sig upp frá skepnuhirðing sinni og

yfir gefa heimilið hjálpar laust nema að þrír nágrannar
hans aðstoðuðu hann. Að nokkur maður geti gjört veður út
af að greiða þarfir slíkum manni, og á dag fyrir að leita dauð-
vona sjúkling læknishjálpar er furðanlegt og ekki finst mjer
minnsta korti oddvita staðan svo ónaggulegt, að ofan á sjálf bat-
andi þrefi út af fáeinum aurum til eða frá sem dvalar eða
framfærslusveit kynni að gefa greitt á sveitadrojum blá-
fátækra manna, er starfa í þeirra þarfir. Jeg fyrir mitt leyti er
orðinn of gamall og langar ekkert til að læra slíka oddvita
mensku og það er ekki ólíklegt að líka til fjármingu hefði hinn
háaldraði öldungur í oddvita sæti Vindhæla.

C. Það er hestaleigan kr. 1,25. Það finst mér lama
hégóma málið að fjasa um. Hefði þetta verið að sumri
til, þegar hross afla sér fóðurs sjálf, var það sök sér.
En þessir munu játa, að brúkun á hrossunum um
þetta leyti árs, er hin versta, að þá taka hross mein
af því, og þurfa því mest fóður. Þetta veit auðvitað
gamall og reyndur bóndi eins og oddvitinn er,
En auk þess stóð nú svo á fyrir þessum Gísla
eða réttara húsmóður hans, að hún var heylaus orðin
um þetta leyti, og þurfti að fá heyað handa skepnum
sínum og það er öllum dýrt. En við þetta get ég bætt
því, að oddviti Vindh. hr. má mikið fremur þakka
en vanþakka þann eið, hesta leiguna, því Gísli

eða Sigurbjörg setur mun hversu verið nýja hestana í
Þyrstu, og þá ég taki vænni með að „þrátta" við þau
um þetta, gat ég þó komið eigunni ofan í. 25 Loga
komst ég ekki, og kærði mig ekki um að komast, það
þótti mér sanngjarnt. Jeg þá held ég svarað því, er
svar þarf viðvíkjandi þessari læknissókn, og mun
oddvitinn sjá, að hvað fegins, sem ég vildi, get ég ekki
samþykt niðurfærslu hans á ferðakostnaðinum.

D. 5. Um athugasemd oddvita Vindhæla, um fylgiskjal 8.
reikning Guðmundar Þorst. sonar fyrir ferð til læknis eftir
meðölum og ráðum, get ég verið fáorður. Jeg vissi að Guð-
mundur fór út eftir í þessum erindum í sumar, einhvern
tíma í sumar eftir eða um mánaðamótin maí og júní;
var þá sjúklingurinn á Höllustöðum mjög þungt hald-
inn af krampanum. Hinn lögskipaði héraðslæknir var
þá einn í ferðalagi svo og kvaðst Guðmundur hafa snúið sjer
til Júlíusar læknis Halldórssonar. Guðmundur var sjálfur oddviti
á þessum tíma og áleit ég að mjer bæri ekki og enginn þörf væri
að rannsaka gjörðir hans. Honum mun hafa láðst að taka kvittun
hjá Júlíusi fyrir meðulunum og máski ráðunum. Guðmundur
mun í þeirri ferð einnig hafa verið að reyna fyrir sjer um veru-
stað á bænum um verustað handa ómaganum, þar sem
leit út fyrir að enginn fengist til að hjúkra honum á Höllu-
stöðum. Mjer hefir aldrei hugkvæmst að rengja Guðm. um

sanngildi reikningsins, af því að eg hefi aldrei komist að neinu misjöfnu í fari hans. Jeg hefi síðan athugasemdir oddvita Vindhæla kom átt tal um þetta við Guðmund og hefir hann sagst mundi reyna að fá kvittun læknisins fyrir því, er hann borgaði honum, ef hann yrði eigi tekinn trúanlegur án þess. Að reikningur Jóns Hjeraðslæknis geti ekkert um er eðlilegt, því hann var, sem sagt ~~[illegible]~~ þá. Af því eg veit að þessi ferð átti sjer stað, verð eg að krefjast borgunar á þessum lið, sem öðrum liðum reikningsins.

6. Sendiferð Guðmundar í Ljótshólum að Syðriey vill oddvitinn eigi borga af því að sýslumanni hafi borið að leita allrar upplýsingar um sveitfesti stúlkunnar. Þessari athugasemd skoða eg að beint sje til yðar að svara herra sýslumaður, eða úrskurða um. En, sem oddviti í dvalarsveit stúlkunnar get eg sagt með sönnu að hreppsnefndin hjer hafði gjört allt, sem í hennar valdi stóð til að fá ómagann viðurkendann, sem fyrst, en það var ekki gjört fyr en kringum 20. júní, en 10. april sendir oddviti Svínavatnshrepps fyrstu tilkynningu um hann. Allan þenna tíma eða megnið af honum er því hreppsnefnd Vindhæla, að hugsa sig um og vefja málið, sem þó frá upphafi virtist mjög ljóst og bert að stúlkan átti Vindhælishrepp, og en þegar Guðmundur er sendur [illegible] eptir miðjan júní, hafa Vindhælir ekkert sagt um hvort þeir eigi hana eða ekki, þá höfðu þeir fundið upp á að fá fæðingar vottorð hennar er varð að fá sunnan úr Reykjavik og dvalar vottorð hennar í Torfalækjarhreppi, sem hvorugt hafði nokra þýðingu nema til að draga úr slitin, áður höfðu ~~þeir~~ sjer hjer útvegað dvalarvottorð stúlkunnar í Bólstaðarhlíðarhreppi, sem vorkun var að þeir vildu fá. Til að binda enda á þenna drátt og vafninga neyddist svo hreppsnefndin til að senda mann gagngjört á fund Oddvitans í Vindhælishreppi og færa honum síðasta plaggið: vottorðið frá Steinnesi, þá loksins fæst viðurkenningin og eru það aðallega Vindhælir, sem hafa grætt á því og var þeim vorkunarlaust, að sjá, að allur vonlaus dráttur á viðurkenningunni gekk mest á þeirra pyngju. Á hverri stundu var búist við að hreppsnefnd Vindhæla gjörði ráðstöfun fyrir ómaganum, en þetta drógst það. Á meðan þessi sanngirnis von hefði lýst á hér, þótti á [illegible] að [illegible] fyrir á [illegible], að sveitarstjórn hennar í næstu grösum forsjandi, og munnud þá herra sýslumaður máske minnast þess, að um það sérstaklega átti ég tal við yður. Jeg lít svo á, að hvað sem því líður, að sýslumaður en ekki hreppsnefndin hér, hafi átt að leita allra upplýsinga um sveitfestina, þá hafi óþarfa drátt á viðurkenningunni átt sér stað, en þess eigi Svínavatnshr. eigi að gjalda, né þess þó hreppsnefndin hér bjargaði bæði Vh. og Sv. v. hr. með sendiferð þessari frá frekari óþörfum fjárútlátum. Í áminnstu bréfi oddvitans í Svínvh. 10. apr. var strax bent á að skiltan ætti Vh. hr. að framfærsl

Tveir, og þó hún væri vistráðin þar til 14. maí, bú-
ast húsbændur kunnar til að borga fæðispeninga hennar
til þeirra hins sama hjúslöganna, ef frá um [illegible]
# vildi taka sjúklinginn til sinnar ráðstöfunar fyrir
krónunnar þettanum Vindhælishreppsnefnd altaf
hafa verið vel vel kunnugt. Ekkert í reikningnum
er því að mínu áliti maklegra að hreppsnefnd
Vindhæla borgi, en þenna sendi ferðar kostnað og
og verð eg að halda því fram að hún verði látin gjöra
það.

7. Þá er síðasta atriðið í skjali oddvitans, sem mjer ber
að svara: um læknisvottorðið, er hann neita að borga.
Þjer herra sýslumaður ómunið kannast við að hafa sjeð
þetta vottorð Sigurðar Pálssonar, er hann gaf um að
stúlkan væri flutningsfær, því eptir því gáfuð þjer út
vegabrjef um flutninginn; einnig munuð þjer
hafa sjeð að á vottorðið sjálft hafði læknirinn kvittað fyrir
þær 2 kr er það kostaði. Vottorð þetta sá eg með vegabrjefinu
á leið til hreppstjórans hjer. Um afdrif þess síðan er mjer
ókunnugt. Jeg sje # því ekki að neinn á stæða sje til að
neita að borga vottorðið.

Af þessu öllu má sjá, að eg fyrir hönd hreppsnefndar
Svínavatnshrepps sjái þykist ekki rakka neina niður færslu
á reikningi þeim, sem hjer um ræðir, en verð að
krefjast borgunar á allri þeirri upphæð, er Svínavatnshrepp-
ur og vil með brjefi þessu hafa það áskilið fyrir ógjettandi
þeirrar kröfu. Vilji hreppsnefnd Vindhæla ekki samsinna
þessu tek eg undir þá ósk hreppsnefndar oddvitans í Vind-
hælishreppi, að þjer herra sýslumaður úrskurðið hvern lið
reikningsins fyrir sig

Fleira í skjali oddvitans álít eg að mjer sje óviðkomandi að
svara. Fylgiskjölin 13 er fylgdu brjefi yðar endursendast.

Í umboði hreppsnefndar
Stefán M. Jónsson

13/11 No 7. Brjef til hreppstjórans í Svv. hr. (Ágrip)
Tilkynnt, að hreppsnefndin hafi þann dag kosið í skatta-
nefnd Pálma Símon í Löngumýri og Pál Hannesson í
Guðlaugsst. Í verðlagsskrárnefnd Pálma Símon. Til að
lækna hunda í Blöndudal og Sléttárdal Lárus í Stóra-
dalsseli; hinum Svínavatnshlutanum Jónas á Litla-
búrfelli og í Ás Kúlusókn Þorlák í Litladal.
s.d. No 8. Tilkynning send þessum mönnum.
14. s.m. Auglýsing í hreppnum send út um sveitina
um að niðurjöfnunarskrá útsvara sje lögð fram 13 þ.m.
17/11 No 9. Brjef til héraðslæknis (ágrip) um að senda 4 refaeit-
urs skamta og reikning yfir.
s.d. No 10. Brjef til sýslumanns um að senda kvittun fyrir sýsluvegasj.

fjallvegasjóðs og búnaðarsjóðsgjalds hreppsins síðastl.
árs.

№ 11. 17/11. 87. Bréf til (hreppstjóra) Jóhannesar Pálss á Langumýri (?) um
að senda oddv. sem fyrst skýrslu um aðkeypt ómerkinga
á þessu hausti.

№ 12. s.d. Bréf til Guðm. í Holti (fyrver. oddv.) um að senda
núverandi oddvita skýrslu um andvirði óskilafjár í
fyrra haust og reikn. viðvíkjandi hreppsins tíund
ár.

№ 13. s.d. Bréf til hreppstjóra um lamb, ómerking, seldan í
haust, er fyrir sannað að Benidikt Jónsson í Kirkju-
stöðum eigi, og megi því sleppa.